

AUGLÝSING

um samning undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja.

Hinn 17. desember 2025 var Sameinuðu þjóðunum afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samnings undir hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja, sem gerður var í New York 19. júní 2023.

Samningurinn öðlaðist gildi gagnvart Íslandi 17. janúar 2026 og er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 26. janúar 2026.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Bergdís Ellertsdóttir.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR UNDIR HAFRÉTTARSAMNINGI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA
UM VERNDUN OG SJÁLFBÆRA NÝTINGU LÍFFRÆÐILEGRAR
FJÖLBREYTNÍ HAFSINS Á SVÆÐUM UTAN LÖGSÖGU RÍKJA

Formálsorð

Aðilar að þessum samningi,

sem minna á viðeigandi ákvæði hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982, þ.m.t. skylduna til að vernda og varðveita umhverfi hafsins (hafrýmið),

sem leggja áherslu á nauðsyn þess að virða það jafnvægi réttinda, skyldna og hagsmuna sem fram kemur í hafréttarsamningnum,

sem viðurkenna nauðsyn þess að takast, með samræmdum og samstarfsmiðuðum hætti, á við tap líffræðilegrar fjölbreytni og hnignun sjávarvistkerfa, sem stafa einkum af áhrifum loftslagsbreytinga á vistkerfi sjávar, s.s. hlýnun og súrefnissviptingu sjávar, ásamt súrnun sjávar, mengun, þ.m.t. plastmengun, og ósjálfbærri nýtingu,

sem eru meðvitaðir um að þörf er á heildstæðu stjórnkerfi á heimsvísu undir hafréttarsamningnum til að takast betur á við verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja,

sem viðurkenna mikilvægi þess að stuðla að réttlátri og sanngjarnri skipan alþjóðlegra efnahagsmála, sem tekur tillit til hagsmuna og þarfa mannkynsins í heild og einkum sérstakra hagsmuna og þarfa þróunarríkja hvort sem þau eru strandríki eða landlukt ríki,

sem viðurkenna jafnframt að stuðningur við samningsaðila sem eru þróunarríki með uppbyggingu á getu og þróun og miðlun haftækni er ómissandi þáttur í því að ná markmiðunum um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja,

sem minna á yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um réttindi frumbyggja,

sem staðfesta að ekkert í þessum samningi skuli túlkað með þeim hætti að það dragi úr eða geri að engu fyrirbyggjandi réttindi frumbyggja, þ.m.t. þau sem sett eru fram í yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna um réttindi frumbyggja, eða, eftir því sem við á, nærsamfélaga,

sem viðurkenna þá skyldu, sem sett er fram í hafréttarsamningnum, að meta, eftir því sem unnt er, hugsanleg áhrif af starfsemi innan lögsögu eða undir stjórn ríkis á umhverfi hafsins þegar ríki hafa rökstudda ástæðu til að ætla að slík starfsemi kunni að valda umtalsverðri mengun eða verulegum og skaðlegum breytingum á umhverfi hafsins,

sem eru minnugir þeirrar skuldbindingar, sem sett er fram í hafréttarsamningnum, að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að mengun af völdum atvika eða starfsemi berist ekki út fyrir svæðin þar sem fullveldisréttindum er beitt samkvæmt hafréttarsamningnum,

sem vilja gegna hlutverki umsjónaraðila hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja fyrir hönd núlifandi og komandi kynslóða með því að vernda, annast og tryggja ábyrga nýtingu á umhverfi hafsins, viðhalda heilleika vistkerfa sjávar og varðveita eðlislægt gildi líffræðilegrar fjölbreytni á svæðum utan lögsögu ríkja,

sem gera sér grein fyrir að gerð, aðgangur að og nýting stafrænna raðupplýsinga um erfðaauðlindir sjávar á svæðum utan lögsögu ríkja, ásamt sanngjarnri og réttlátri deilingu ávinnings af nýtingu þeirra, stuðla að rannsóknum og nýsköpun og að almennu markmiði þessa samnings,

sem virða fullveldisrétt, landamærahelgi og stjórnmalalegt sjálfstæði allra ríkja,

sem minna á að réttarstaða aðila sem standa utan hafréttarsamningsins eða annarra skyldra samninga fellur undir reglur alþjóðasamningaréttar,

sem minna einnig á að ríkjum er skylt, líkt og fram kemur í hafréttarsamningnum, að standa við alþjóðlegar skuldbindingar sínar um verndun og varðveislu á umhverfi hafsins og að þau kunni að bera ábyrgð samkvæmt þjóðarétti,

sem einsetja sér að ná fram sjálfbærri þróun,

sem gera sér vonir um allsherjarþátttöku,

og hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

I. HLUTI ALMENN ÁKVÆÐI.

1. gr.

Notkun hugtaka.

Í þessum samningi er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Svæðisbundið stjórnunarúrræði“: úrræði, þ.m.t. verndað hafsvæði, fyrir landfræðilega afmarkað svæði þar sem einum eða fleiri geirum eða starfsemi er stjórnað í þeim tilgangi að ná sérstökum markmiðum um verndun og sjálfbæra nýtingu í samræmi við samning þennan.
2. „Svæði utan lögsögu ríkja“: úthöfin og svæðið.
3. „Líftækni“: hvers konar tæknileg beiting þar sem notuð eru líffræðileg kerfi, lífverur eða úrefni þeirra til að búa til eða breyta framleiðsluvörum eða ferlum til sérstakra nota.
4. „Söfnun á upprunastað“: í tengslum við erfðaauðlindir sjávar, söfnun eða sýnataka úr erfðaauðlindum sjávar á svæðum utan lögsögu ríkja.
5. „Hafréttarsamningurinn“: hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982.
6. „Samlegðaráhrif“: samanlögð og stigvaxandi áhrif af mismunandi starfsemi, þ.m.t. af þekktri fyrri og núverandi og nokkuð fyrirjáanlegri starfsemi, eða af endurtekinni svipaðri starfsemi til lengri tíma, og afleiðingar loftslagsbreytinga, súrnunar sjávar og tengdra áhrifa.
7. „Mat á umhverfisáhrifum“: ferli til að greina og meta möguleg áhrif af starfsemi til að stuðla að upplýstri ákvarðanatöku.
8. „Erfðaauðlindir sjávar“: hvers kyns efni úr sjávargróðri, -dýrum og -örverum eða efni af öðrum uppruna sem hefur að geyma virkar arfgengar einingar með raunverulegt eða mögulegt gildi.
9. „Verndað hafsvæði“: landfræðilega skilgreint hafsvæði sem er afmarkað og stjórnað til að ná sérstökum langtíamarkmiðum um verndun líffræðilegrar fjölbreytni og sem getur borið sjálfbæra nýtingu, eftir því sem við á, að því tilskildu að það sé í samræmi við markmiðin um verndun.
10. „Haftækni“: nær m.a. yfir upplýsingar og gögn, sem látin eru í té á notendavænu formi, um hafvísindi og tengdar aðgerðir og þjónustu á sjó; handbækur, viðmiðunarreglur, viðmiðanir, staðla og heimildir; búnað til sýnatöku og aðferðafræði; aðstöðu til athugana og búnað til athugana, greiningar og tilrauna á staðnum og á rannsóknarstofu; tölvur og tölvuhugbúnað, þ.m.t. líkön og reiknilíkön; tengda líftækni; og sérþekkingu, þekkingu, færni, tæknilega, vísindalega og lagalega sérþekkingu og greiningaraðferðir í tengslum við verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins.
11. „Samningsaðili“: ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu sem hefur samþykkt að vera bundin af þessum samningi og sem samningurinn hefur öðlast gildi gagnvart.
12. „Svæðisstofnun um efnahagssamvinnu“: stofnun, sem fullvalda ríki á tilteknu svæði koma á fót og fengið hefur framselt vald frá aðildarríkjum sínum að því er varðar málefni sem samningur þessi gildir um, og fullt umboð, í samræmi við innri starfsreglur sínar, til að undirrita, fullgilda, samþykkja eða staðfesta samninginn eða gerast aðili að honum.
13. „Sjálfbær nýting“: notkun efnisþátta líffræðilegrar fjölbreytni á þann hátt og í þeim mæli sem leiðir ekki til langvarandi hnignunar á líffræðilegri fjölbreytni þannig að viðhaldið sé möguleikum til að uppfylla þarfir og væntingar núverandi og komandi kynslóða.
14. „Nýting erfðaauðlinda sjávar“: það að stunda rannsóknir og þróun á erfðafræðilegri og/eða lífefnafræðilegri samsetningu erfðaauðlinda sjávar, þ.m.t. með beitingu líftækni, eins og skilgreint er í 3. mgr. hér að framan.

2. gr.

Almennt markmið.

Markmið þessa samnings er að tryggja verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja til lengri og skemmri tíma með skilvirkri framkvæmd viðeigandi ákvæða hafréttarsamningsins og frekari alþjóðlegri samvinnu og samræmingu.

3. gr.

Gildissvið.

Samningur þessi gildir um svæði utan lögsögu ríkja.

4. gr.

Undantekningar.

Samningur þessi gildir ekki um herskip, herloftför eða hjálparskip flota. Að undanskildum II. hluta gildir þessi samningur ekki um önnur skip eða loftför sem samningsaðili á eða rekur og eru sem stendur aðeins notuð í þjónustu ríkisins án þess að um viðskipti sé að ræða. Sérhver samningsaðili skal hins vegar, með því að samþykkja viðeigandi ráðstafanir sem skerða ekki rekstur eða athafnagetu slíkra skipa eða loftfara sem hann á eða rekur, tryggja að rekstur þeirra sé í samræmi við þennan samning, svo fremi það sé skynsamlegt og gerlegt.

5. gr.

*Tengsl milli þessa samnings og hafréttarsamningsins og viðeigandi lagagerninga
og -ramma og viðeigandi alþjóðlegra, svæðisbundinna,
undirsvæðisbundinna eða sviðsbundinna stofnana.*

1. Samningur þessi skal túlkaður og honum beitt í samhengi og samræmi við hafréttarsamninginn. Ekkert í þessum samningi skal hafa áhrif á réttindi, lögsögu og skyldur ríkja samkvæmt hafréttarsamningnum, þ.m.t. að því er varðar sérefnahagslögsöguna og landgrunnið innan og utan 200 sjómílna.
2. Samningur þessi skal túlkaður og honum beitt þannig að ekki sé grafið undan viðeigandi lagagerningum og -römmum og viðkomandi alþjóðlegum, svæðisbundnum, undirsvæðisbundnum og sviðsbundnum stofnunum og þannig að stuðlað sé að samfelli og samræmi við þessa gerninga, ramma og stofnanir.
3. Réttarstaða þeirra sem ekki eru aðilar að hafréttarsamningnum eða öðrum skyldum samningum, hvað þá samninga varðar, verður ekki fyrir áhrifum af þessum samningi.

6. gr.

Áhrifaleyfi á réttarástand.

Samningur þessi, þ.m.t. hvers kyns ákvarðanir eða tilmæli frá ráðstefnu samningsaðilanna eða einhverri af undirstofnunum hennar, og hvers kyns aðgerðir, ráðstafanir eða starfsemi sem hafin er á grundvelli hans, skal ekki hafa áhrif á og ekki teljast grundvöllur fyrir því að halda fram eða hafna kröfum um fullveldi, fullveldisréttindi eða lögsögu, þ.m.t. að því er varðar deilumál þar að lútandi.

7. gr.

Almennar meginreglur og nálganir.

Til að ná markmiðum samnings þessa skulu samningsaðilarnir hafa að leiðarljósi eftirfarandi meginreglur og nálganir:

- a) mengunarbótaregluna,
- b) meginregluna um sameiginlega arfleifið mannkyns sem sett er fram í hafréttarsamningnum,
- c) frelsi til hafrannsóknna ásamt öðru frelsi úthafsins,
- d) meginregluna um sannsýni og sanngjarna og réttláta deilingu ávinnings,
- e) varúðarregluna eða varúðarnálgunina, eftir því sem við á,
- f) vistkerfisnálgun,
- g) samþætta nálgun við stjórnun hafsins,

- h) nálgun sem byggir upp álagsþol vistkerfa, þ.m.t. gegn neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga og súrnunar sjávar, og viðheldur einnig og endurheimtir heilleika vistkerfa, þ.m.t. kolefnis-hringrásarþjónusta sem rennir stöðum undir hlutverk hafsins í loftslagsmálum,
- i) notkun bestu fáanlegu vísinda og vísindaupplýsinga,
- j) notkun viðeigandi hefðbundinnar þekkingar frumbyggja og nærsamfélaga, þar sem hún er fyrir hendi,
- k) að virða, stuðla að og taka til athugunar skyldur sínar, eftir því sem við á, m.t.t. réttinda frumbyggja eða, eftir því sem það er viðeigandi, nærsamfélaga þegar þeir grípa til aðgerða til að vernda og nýta, með sjálfbærum hætti, líffræðilega fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja,
- l) að velta ekki spjöllum eða hættum beint eða óbeint frá einu svæði til annars né heldur breyta einni tegund mengunar í aðra þegar gerðar eru ráðstafanir til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun á umhverfi hafsins,
- m) að viðurkenna að fullu sérstakar aðstæður þróunarríkja sem eru lítil eyríki og þeirra landa sem eru skemmst á veg komin í þróun,
- n) að viðurkenna sérstaka hagsmuni og þarfir landluktra þróunarlanda.

8. gr.

Alþjóðleg samvinna.

1. Samningsaðilarnir skulu, samkvæmt þessum samningi, vinna saman að verndun og sjálfbærri nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja, þ.m.t. með því að efla og auka samvinnu við og stuðla að samvinnu milli viðeigandi lagagerninga og -ramma og viðeigandi alþjóðlegra, svæðisbundinna, undirsvæðisbundinna og sviðsbundinna stofnana, til að ná markmiðum þessa samnings.
2. Samningsaðilarnir skulu leitast við að stuðla að markmiðum þessa samnings, eftir því sem við á, þegar þeir taka þátt í ákvarðanatöku á grundvelli annarra viðeigandi lagagerninga, lagaramma eða innan ramma alþjóðlegra, svæðisbundinna, undirsvæðisbundinna og sviðsbundinna stofnana.
3. Samningsaðilarnir skulu stuðla að alþjóðlegri samvinnu um hafrannsóknir og þróun og miðlun haftækni í samræmi við hafréttarsamninginn til stuðnings markmiðum þessa samnings.

II. HLUTI

**ERFÐAAUÐLINDIR SJÁVAR, Þ.M.T. SANNGJÖRN OG
RÉTTLÁT DEILING ÁVINNINGS**

9. gr.

Markmið.

Markmið þessa hluta eru:

- a) að ávinningi af starfsemi er varðar erfðaauðlindir sjávar og stafrænar raðupplýsingar um erfðaauðlindir sjávar á svæðum utan lögsögu ríkja verði deilt með sanngjörnum og réttlátum hætti í þágu verndunar og sjálfbærrar nýtingar líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja,
- b) að byggja upp og þróa getu samningsaðilanna, einkum samningsaðila sem eru þróunarríki, sérstaklega þeirra landa sem eru skemmst á veg komin í þróun, landluktra þróunarlanda, landfræðilega afskiptra ríkja, þróunarríkja sem eru lítil eyríki, strandríkja Afríku, eyjaklasa-ríkja og millitekjupróunarlanda, til að sinna starfsemi er varðar erfðaauðlindir sjávar og stafrænar raðupplýsingar um erfðaauðlindir sjávar á svæðum utan lögsögu ríkja,
- c) að þróa þekkingu, vísindalegan skilning og tækninýjungar, þ.m.t. með þróun og framkvæmd hafrannsóknna, sem grundvallarframlag til framkvæmdar þessum samningi,
- d) að þróa og miðla haftækni í samræmi við þennan samning.

10. gr.

Beiting.

1. Ákvæði þessa samnings skulu gilda um starfsemi er varðar erfðaauðlindir sjávar og stafrænar raðupplýsingar um erfðaauðlindir sjávar á svæðum utan lögsögu ríkja sem safnað er og verða til

eftir að samningur þessi öðlast gildi gagnvart viðkomandi samningsaðila. Beiting ákvæða þessa samnings skal ná til nýtingar á erfðaauðlindum sjávar og stafrænum raðupplýsingum um erfðaauðlindir sjávar á svæðum utan lögsögu ríkja, sem safnað er eða verða til fyrir gildistöku, nema samningsaðili geri skriflega undantekningu skv. 70. gr. við undirritun, fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild að þessum samningi.

2. Ákvæði þessa hluta gilda ekki um:
 - a) fiskveiðar sem heyra undir viðkomandi alþjóðalög og starfsemi tengda fiskveiðum eða
 - b) fisk eða aðrar lifandi sjávarauðlindir sem vitað er að hafi verið aflað við fiskveiðar og fiskveiðitengda starfsemi á svæðum utan lögsögu ríkja nema slíkur fiskur eða aðrar lifandi sjávarauðlindir heyri undir reglur um nýtingu samkvæmt þessum hluta.
3. Skyldur samkvæmt þessum hluta skulu ekki gilda um hernaðaraðgerðir samningsaðila, þ.m.t. hernaðaraðgerðir skipa og loftfara sem eru starfrækt af hinu opinbera án þess að um viðskipti sé að ræða. Skyldur samkvæmt þessum hluta, að því er varðar nýtingu erfðaauðlinda sjávar og stafrænna raðupplýsinga um erfðaauðlindir sjávar á svæðum utan lögsögu ríkja, skulu gilda um starfsemi samningsaðila sem ekki er á sviði hernaðar.

11. gr.

Starfsemi er varðar erfðaauðlindir sjávar á svæðum utan lögsögu ríkja.

1. Öllum samningsaðilum er heimilt, óháð landfræðilegri staðsetningu sinni, sem og einstaklingum eða lögaðilum sem lúta lögsögu þeirra, að stunda starfsemi er varðar erfðaauðlindir sjávar og stafrænar raðupplýsingar um erfðaauðlindir sjávar á svæðum utan lögsögu ríkja. Slík starfsemi skal fara fram í samræmi við þennan samning.
2. Samningsaðilarnir skulu stuðla að samvinnu í allri starfsemi er varðar erfðaauðlindir sjávar og stafrænar raðupplýsingar um erfðaauðlindir sjávar á svæðum utan lögsögu ríkja.
3. Söfnun erfðaauðlinda sjávar á upprunastað á svæðum utan lögsögu ríkja skal fara fram að teknu tilhlýðilegu tilliti til réttinda og lögmætra hagsmuna strandríkja á svæðum innan lögsögu þeirra og að teknu tilhlýðilegu tilliti til hagsmuna annarra ríkja á svæðum utan lögsögu ríkja, í samræmi við hafréttarsamninginn. Í þessu skyni skulu samningsaðilarnir leitast við að starfa saman, eftir því sem við á, með framkvæmd þessa samnings í huga, m.a. með sérstöku fyrirkomulagi um rekstur upplýsingamiðlunarkerfis (e. Clearing-House Mechanism) sem ákvarðað er skv. 51. gr.
4. Ekkert ríki skal gera tilkall til eða beita fullveldisrétti eða -réttindum yfir erfðaauðlindum sjávar á svæðum utan lögsögu ríkja. Ekki skal viðurkenna nokkurt slíkt tilkall eða beitingu fullveldisréttar eða -réttinda.
5. Söfnun erfðaauðlinda sjávar á upprunastað á svæðum utan lögsögu ríkja skal ekki vera laga-grundvöllur kröfu til nokkurs hluta umhverfis hafsins né auðlinda þess.
6. Starfsemi er varðar erfðaauðlindir sjávar og stafrænar raðupplýsingar um erfðaauðlindir sjávar á svæðum utan lögsögu ríkja er í þágu allra ríkja og til hagsbóta fyrir allt mannkyn, einkum í þágu þess að efla vísindalega þekkingu mannkyns og stuðla að verndun og sjálfbærri nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins, að teknu sérstöku tilliti til hagsmuna og þarfa þróunarríkja.
7. Starfsemi er varðar erfðaauðlindir sjávar og stafrænar raðupplýsingar um erfðaauðlindir sjávar á svæðum utan lögsögu ríkja skal einungis fara fram í friðsamlegum tilgangi.

12. gr.

Tilkynning um starfsemi er varðar erfðaauðlindir sjávar og stafrænar raðupplýsingar um erfðaauðlindir sjávar á svæðum utan lögsögu ríkja.

1. Samningsaðilarnir skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir á sviði lagasetningar, stjórnsýslu eða stefnuúrreða til að tryggja að upplýsingar séu tilkynntar til upplýsingamiðlunarkerfisins í samræmi við þennan hluta.
2. Sex mánuðum áður en erfðaauðlindum sjávar er safnað á upprunastað á svæðum utan lögsögu ríkja, eða eins snemma og unnt er áður en söfnunin fer fram, skal tilkynna um eftirfarandi til upplýsingamiðlunarkerfisins:
 - a) eðli og markmið söfnunarinnar, þ.m.t., eftir því sem við á, allar áætlanir sem hún er hluti af,

- b) viðfangsefni rannsóknarinnar eða, ef það er þekkt, þær erfðaauðlindir sjávar sem beina á sjónum að eða safna og tilganginn með söfnun slíkra auðlinda,
 - c) þau landfræðilegu svæði þar sem söfnunin á að fara fram,
 - d) samantekt á aðferðinni og tækjunum sem nota á til söfnunarinnar, þ.m.t. heiti, rúmlestatala, tegund og flokkur skipa, vísindabúnaður og/eða rannsóknaraðferðir sem notaðar verða,
 - e) upplýsingar um önnur framlög til fyrirhugaðra stærri áætlana,
 - f) fyrirhugaðar dagsetningar fyrstu komu og síðustu brottfarar rannsóknaskipa eða uppsetningar og fjarlægingar búnaðarins, eftir því sem við á,
 - g) heiti stofnunarinnar/stofnananna sem ábyrgð bera og þess sem stýrir verkefninu,
 - h) möguleika vísindamanna frá öllum ríkjum, einkum frá þróunarríkjum, til að taka þátt í verkefninu eða tengjast því,
 - i) að hve miklu leyti talið er að ríki, sem kunna að þarfnast og fara fram á tækniaðstoð, einkum þróunarríki, eigi að geta tekið þátt eða átt fulltrúa í verkefninu,
 - j) gagnastjórnunaráætlun sem er útbúin samkvæmt opnu og ábyrgu stjórnskipulagi gagna, að teknu tilliti til gildandi alþjóðlegra starfsvenja.
3. Við tilkynninguna sem um getur í 2. mgr. hér að framan skal upplýsingamiðlunarkerfið búa sjálfvirktilt til staðlað „BBNJ“-lotuauðkenni.
4. Ef verulegar breytingar verða á þeim upplýsingum, sem veittar voru upplýsingamiðlunarkerfinu áður en fyrirhuguð söfnun fór fram, skal tilkynna uppfærðar upplýsingar til kerfisins innan hæfilegs tíma og eigi síðar en við upphaf söfnunar á upprunastað, þegar það er gerlegt.
5. Samningsaðilarnir skulu tryggja að upplýsingamiðlunarkerfinu sé tilkynnt um eftirfarandi upplýsingar, ásamt staðlaða „BBNJ“-lotuauðkenninu, um leið og þær eru tiltækar en eigi síðar en einu ári eftir að erfðaauðlindum sjávar er safnað á upprunastað á svæðum utan lögsögu ríkja:
- a) gagnasafnið eða gagnagrunninn þar sem stafrænar raðupplýsingar um erfðaauðlindir sjávar eru eða verða afhentar til vörslu,
 - b) hvar allar erfðaauðlindir sjávar, sem er safnað á upprunastað, eru eða verða afhentar til vörslu eða geymdar,
 - c) skýrslu sem tilgreinir landfræðilega svæðið þar sem erfðaauðlindum sjávar var safnað, þ.m.t. upplýsingar um á hvaða breiddargráðu, lengdargráðu og dýpt söfnunin fór fram og, að því marki sem þær liggja fyrir, niðurstöður þeirrar starfsemi sem fór fram,
 - d) allar nauðsynlegar uppfærslur á gagnastjórnunaráætluninni sem kveðið er á um í j-lið 2. mgr. hér að framan.
6. Samningsaðilarnir skulu tryggja að sýni úr erfðaauðlindum sjávar og stafrænar raðupplýsingar um erfðaauðlindir sjávar á svæðum utan lögsögu ríkja, sem eru í gagnasöfnum eða gagnagrunnum innan lögsögu þeirra, séu auðkennd þannig að sjáist að þau séu upprunnin frá svæðum utan lögsögu ríkja, í samræmi við gildandi alþjóðlegar starfsvenjur og að því marki sem unnt er.
7. Samningsaðilarnir skulu tryggja að gagnasöfn, að því marki sem unnt er, og gagnagrunnar innan lögsögu þeirra taki saman á tveggja ára fresti heildarskýrslu um aðgang að erfðaauðlindum sjávar og stafrænar raðupplýsingar sem tengdar eru við staðlað „BBNJ“-lotuauðkenni þeirra og geri skýrsluna aðgengilega nefndinni um aðgang og deilingu ávinnings sem komið er á fót skv. 15. gr.
8. Ef erfðaauðlindir sjávar á svæðum utan lögsögu ríkja og, þar sem því verður við komið, stafrænar raðupplýsingar um slíkar auðlindir eru nýttar, m.a. settar á markað, af einstaklingum eða lögaðilum innan lögsögu þeirra skulu samningsaðilarnir tryggja að eftirfarandi upplýsingar, þ.m.t. staðlaða „BBNJ“-lotuauðkennið, ef það er tiltækt, verði tilkynntar til upplýsingamiðlunarkerfisins um leið og þær liggja fyrir:
- a) hvar afrakstur nýtingarinnar er að finna, s.s. útgefið efni, einkaleyfi sem veitt hafa verið, ef þau liggja fyrir og að því marki sem unnt er, og vörur sem þróaðar hafa verið,
 - b) þar sem þær eru fyrir hendi, ítarlegar upplýsingar um tilkynninguna, eftir söfnunina, til upplýsingamiðlunarkerfisins í tengslum við þær erfðaauðlindir sjávar sem voru nýttar,
 - c) hvar upprunalega sýnið, sem er nýtt, er geymt,
 - d) fyrirhugað fyrirkomulag vegna aðgangs að erfðaauðlindum sjávar og stafrænum raðupplýsingum um erfðaauðlindir sjávar sem verið er að nýta og gagnastjórnunaráætlun fyrir það,

- e) þegar vörurnar hafa verið settar á markað, upplýsingar, ef þær liggja fyrir, um sölu á viðkomandi vörum og frekari þróun.

13. gr.

Hefðbundin þekking frumbyggja og nærsamfélaga sem tengist erfðaaudlindum sjávar á svæðum utan lögsögu ríkja.

Samningsaðilarnir skulu gera ráðstafanir á sviði lagasetningar, stjórnsýslu eða stefnuúrræða, þar sem og eftir því sem við á, með það að markmiði að tryggja að einungis fáið aðgangur að hefðbundinni þekkingu í tengslum við erfðaaudlindir sjávar á svæðum utan lögsögu einstakra ríkja, sem er í höndum frumbyggja og nærsamfélaga, með frjálsum, fyrirframgefnum og upplýstu samþykki og þátttöku þessara frumbyggja og nærsamfélaga. Upplýsingamiðlunarkerfið getur verið nýtt til að auðvelda aðgengi að slíkri hefðbundinni þekkingu. Aðgangur að og notkun slíkrar hefðbundinnar þekkingar skal vera samkvæmt skilmálum sem gagnkvæmt samkomulag er um.

14. gr.

Sanngjörn og réttlát deiling ávinnings.

1. Ávinningi af starfsemi er varðar erfðaaudlindir sjávar og stafrænar raðupplýsingar um erfðaaudlindir sjávar á svæðum utan lögsögu ríkja skal deilt með sanngjörnum og réttlátum hætti í samræmi við þennan hluta og skal stuðla að verndun og sjálfbærri nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja.
2. Ópeningalegum ávinningi skal deilt í samræmi við þennan samning, m.a. í formi:
 - a) aðgangs að sýnum og sýnasöfnum í samræmi við gildandi alþjóðlegar starfsvenjur,
 - b) aðgangs að stafrænum raðupplýsingum í samræmi við gildandi alþjóðlegar starfsvenjur,
 - c) opins aðgangs að finnanlegum, aðgengilegum, samvirkandi og endurnotanlegum (FAIR) vísindagögnum í samræmi við gildandi alþjóðlegar starfsvenjur og opið og ábyrgt stjórnskipulag gagna,
 - d) upplýsinga sem koma fram í tilkynningunum, ásamt stöðluðum „BBNJ“-lotuauðkennum, sem látnu eru í té í samræmi við 12. gr., á formi sem er leitarbært og öllum aðgengilegt,
 - e) miðlunar haftækni í samræmi við viðeigandi fyrirkomulag sem kveðið er á um í V. hluta þessa samnings,
 - f) uppbyggingar á getu, þ.m.t. með því að fjármagna rannsóknaráætlanir og samstarfstækifæri, einkum þau sem hafa beina skírskotun og eru umtalsverð, fyrir vísindamenn og rannsakendur í rannsóknarverkefnum, ásamt sérhæfðum framtaksverkefnum, einkum fyrir þróunarríki, þar sem tekið er tillit til sérstakra aðstæðna þróunarríkja sem eru lítil eyríki og þeirra landa sem eru skemmst á veg komin í þróun,
 - g) aukinnar samvinnu á sviði tækni og vísinda, einkum við vísindamenn og vísindastofnanir frá þróunarríkjunum,
 - h) ávinnings á öðru formi, eins og ákvarðað er af ráðstefnu samningsaðilanna, að teknu tilliti til tilmæla nefndarinnar um aðgang og deilingu ávinnings sem komið er á fót skv. 15. gr.
3. Samningsaðilarnir skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir á sviði lagasetningar, stjórnsýslu eða stefnuúrræða til að tryggja að erfðaaudlindir sjávar og stafrænar raðupplýsingar um erfðaaudlindir sjávar frá svæðum utan lögsögu ríkja, ásamt stöðluðum „BBNJ“-lotuauðkennum þeirra, sem nýttar eru af einstaklingum eða lögaðilum innan lögsögu þeirra, verði afhentar til vörslu í gagnasöfnum og gagnagrunnum sem eru aðgengileg almenningi og sem rekin eru annaðhvort á innlendum eða alþjóðlegum vettvangi, eigi síðar en þremur árum eftir að slík nýting hefst eða um leið og þær verða tiltækar, að teknu tilliti til gildandi alþjóðlegra starfsvenja.
4. Aðgangur að erfðaaudlindum sjávar og stafrænum raðupplýsingum um erfðaaudlindir sjávar frá svæðum utan lögsögu ríkja í gagnasöfnum og gagnagrunnum innan lögsögu samningsaðila má vera takmarkaður á grundvelli eðlilegra skilyrða, sem eru talin upp hér á eftir:
 - a) nauðsyn þess að varðveita efnislegan heilleika erfðaaudlinda sjávar,
 - b) eðlilegur kostnaður í tengslum við viðhald á viðkomandi genabanka, lífsýnasafni eða gagnagrunni þar sem sýnið, gögnin eða upplýsingarnar eru varðveittar,

- c) eðlilegur kostnaður í tengslum við veitingu aðgangs að erfðaaauðlind sjávar, gögnum eða upplýsingum,
 - d) önnur eðlileg skilyrði í samræmi við markmið þessa samnings, og veita má vísindamönnum og rannsóknastofnunum frá þróunarríkjum tækifæri til slíks aðgangs með sanngjörnum skilmálum og þeim hagstæðustu sem völ er á, þ.m.t. með ívilnandi skilmálum og fríðindaskilmálum.
5. Peningalegum ávinningi af nýtingu erfðaaauðlinda sjávar og stafrænna raðupplýsinga um erfðaaauðlindir sjávar á svæðum utan lögsögu ríkja, þ.m.t. vegna setningar vöru á markað, skal deilt með sanngjörnum og réttmætum hætti í gegnum fjármálakerfið, sem komið er á fót skv. 52. gr., í þágu verndunar og sjálfbærrar nýtingar líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja.
 6. Eftir gildistöku þessa samnings skulu samningsaðilar sem eru iðnþróuð ríki árlega leggja fram framlög í sérstaka sjóðinn sem um getur í 52. gr. Framlag hvers samningsaðila skal vera 50% af metnu framlagi hans til fjárhagsáætlunarinnar sem samþykkt er af ráðstefnu samningsaðilanna skv. e-lið 6. mgr. 47. gr. Slík greiðsla skal halda áfram þar til ráðstefna samningsaðilanna hefur tekið ákvörðun skv. 7. mgr. hér á eftir.
 7. Ráðstefna samningsaðilanna skal ákveða með hvaða hætti deila skal peningalegum ávinningi af nýtingu erfðaaauðlinda sjávar og stafrænna raðupplýsinga um erfðaaauðlindir sjávar á svæðum utan lögsögu ríkja, að teknu tilliti til tilmæla nefndarinnar um aðgang og deilingu ávinnings sem komið er á fót skv. 15. gr. Hafi allar tilraunir til að ná samhljóða samþykki reynst árangurslausar skal ákvörðun tekin með þremur fjórðu hlutum atkvæða þeirra fulltrúa samningsaðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði. Greiðslur skulu fara fram í gegnum sérstaka sjóðinn sem komið er á fót skv. 52. gr. Fyrirkomulagið getur falið eftirfarandi í sér:
 - a) áfangagreiðslur,
 - b) greiðslur eða framlög sem tengjast setningu vöru á markað, þ.m.t. greiðslu á hlutfalli tekna af sölu á vörum,
 - c) stigskipt gjald, greitt með reglulegu millibili, á grundvelli fjölbreyttra vísa sem mæla heildarstarfsemi samningsaðila,
 - d) annað form sem ráðstefna samningsaðilanna ákveður, með tilliti til tilmæla nefndarinnar um aðgang og deilingu ávinnings.
 8. Þegar ráðstefna samningsaðilanna samþykkir fyrirkomulagið getur samningsaðili gefið yfirlýsingu þar sem fram kemur að fyrirkomulagið skuli ekki taka gildi gagnvart honum í allt að fjögur ár, til að tími gefist til nauðsynlegrar innleiðingar. Samningsaðili sem gefur út slíka yfirlýsingu skal halda áfram að greiða það sem sett er fram í 6. mgr. hér að framan þar til nýja fyrirkomulagið tekur gildi.
 9. Þegar ráðstefna samningsaðilanna tekur ákvörðun um með hvaða hætti deila má peningalegum ávinningi af notkun stafrænna raðupplýsinga um erfðaaauðlindir sjávar á svæðum utan lögsögu ríkja skv. 7. mgr. hér að framan skal hún taka tillit til tilmæla nefndarinnar um aðgang og deilingu ávinnings með það í huga að slíkt fyrirkomulag og aðrir gerningar um aðgang og deilingu ávinnings ættu að styðja hvert við annað og vera hægt að laga hvert að öðru.
 10. Ráðstefna samningsaðilanna skal, með tilliti til tilmæla nefndarinnar um aðgang og deilingu ávinnings, sem komið er á fót skv. 15. gr., endurskoða og meta á tveggja ára fresti peningalegan ávinning af nýtingu erfðaaauðlinda sjávar og stafrænna raðupplýsinga um erfðaaauðlindir sjávar á svæðum utan lögsögu ríkja. Fyrsta endurskoðunin skal fara fram eigi síðar en fimm árum eftir að samningur þessi öðlast gildi. Endurskoðunin skal fela í sér umfjöllun um árlegu framlögin sem um getur í 6. mgr. hér að framan.
 11. Samningsaðilarnir skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir á sviði lagasetningar, stjórnsýslu eða stefnuúrræða, eftir því sem við á, til að tryggja að ávinningi af starfsemi einstaklinga eða lögaðila innan lögsögu þeirra er varðar erfðaaauðlindir sjávar og stafrænar raðupplýsingar um erfðaaauðlindir sjávar á svæðum utan lögsögu ríkja verði deilt í samræmi við þennan samning.

15. gr.

Nefndin um aðgang og deilingu ávinnings.

1. Hér með er nefnd um aðgang og deilingu ávinnings komið á fót. Hún skal m.a. þjóna þeim tilgangi að setja viðmiðunarreglur um deilingu ávinnings, í samræmi við 14. gr., og skapa þannig gagnsæi og tryggja sanngjarna og réttláta deilingu bæði peningalegs og ópeningalegs ávinnings.
2. Nefndin um aðgang og deilingu ávinnings skal skipuð 15 nefndarmönnum með viðeigandi hæfi á tengdum sviðum til að tryggja virka framkvæmd starfa nefndarinnar. Nefndarmenn skulu tilnefndir af samningsaðilum og þeir kosnir af ráðstefnu samningsaðilanna, að teknu tilliti til jafns hlutfalls kynjanna og réttlátrar landfræðilegrar dreifingar og að þróunarríki, þ.m.t. þau lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun, þau þróunarríki sem eru lítil eyríki og landlukt þróunarlönd, eigi fulltrúa í nefndinni. Ráðstefna samningsaðilanna skal ákveða starfsskilmála og fyrirkomulag á starfsemi nefndarinnar.
3. Nefndin getur beint tilmælum til ráðstefnu samningsaðilanna um málefni sem tengjast þessum hluta, þ.m.t. um eftirfarandi:
 - a) viðmiðunarreglur eða háttarnisreglur fyrir starfsemi er varðar erfðaauðlindir sjávar og stafrænar raðupplýsingar um erfðaauðlindir sjávar á svæðum utan lögsögu aðildarríkja í samræmi við þennan hluta,
 - b) ráðstafanir til að framkvæma ákvarðanir sem teknar eru í samræmi við þennan hluta,
 - c) hlutfall eða kerfi til deilingar peningalegs ávinnings í samræmi við 14. gr.,
 - d) málefni sem varða þennan hluta í tengslum við upplýsingamiðlunarkerfið,
 - e) málefni sem varða þennan hluta í tengslum við fjármálakerfið sem komið er á fót skv. 52. gr.,
 - f) önnur málefni sem varða þennan hluta sem ráðstefna samningsaðilanna getur farið fram á að nefndin um aðgang og deilingu ávinnings taki til umfjöllunar.
4. Hver samningsaðili skal, með aðstoð upplýsingamiðlunarkerfisins, gera nefndinni um aðgang og deilingu ávinnings aðgengilegar þær upplýsingar sem krafist er samkvæmt þessum samningi, þar á meðal um:
 - a) ráðstafanir á sviði lagasetningar, stjórnsýslu og stefnuúrræða varðandi aðgang og deilingu ávinnings,
 - b) samskiptaupplýsingar og aðrar viðeigandi upplýsingar um tengiliði innanlands,
 - c) aðrar upplýsingar sem krafist er samkvæmt ákvörðunum sem ráðstefna samningsaðilanna tekur.
5. Nefndin um aðgang og deilingu ávinnings getur haft samráð og greitt fyrir upplýsingaskiptum við viðeigandi lagagerninga og -ramma og viðeigandi alþjóðlegar, svæðisbundnar, undirsvæðisbundnar og sviðsbundnar stofnanir um starfsemi sem heyrir undir umboð hennar, þ.m.t. um deilingu ávinnings, notkun stafrænna raðupplýsinga um erfðaauðlindir sjávar, bestu starfsvenjur, töl og aðferðafræði, stjórnskipulag vegna gagna og lærdóm sem af hefur fengist.
6. Nefndin um aðgang og deilingu ávinnings getur beint tilmælum til ráðstefnu samningsaðilanna í tengslum við upplýsingar sem fást skv. 5. mgr. hér að framan.

16. gr.

Vöktun og gagnsæi.

1. Vöktun og gagnsæi í starfsemi er varðar erfðaauðlindir sjávar og stafrænar raðupplýsingar um erfðaauðlindir sjávar á svæðum utan lögsögu ríkja skal fara fram með tilkynningu til upplýsingamiðlunarkerfisins með notkun stöðluðu „BBNJ“-lotuauðkennanna í samræmi við þennan hluta og samkvæmt verklagsreglum sem ráðstefna samningsaðilanna samþykkir, eins og nefndin um aðgang og deilingu ávinnings mælti með.
2. Samningsaðilarnir skulu, í samræmi við þennan hluta, leggja reglulega skýrslur fyrir nefndina um aðgang og deilingu ávinnings um framkvæmd sína á ákvæðum þessa hluta um starfsemi er varðar erfðaauðlindir sjávar og stafrænar raðupplýsingar um erfðaauðlindir sjávar á svæðum utan lögsögu ríkja og deilingu ávinnings af þeim.
3. Nefndin um aðgang og deilingu ávinnings skal semja skýrslu á grundvelli upplýsinga sem berast í gegnum upplýsingamiðlunarkerfið og gera hana aðgengilega samningsaðilum sem er heimilt að leggja fram athugasemdir. Nefndin um aðgang og deilingu ávinnings skal leggja skýrsluna fram,

þ.m.t. móttæknar athugasemdir, til umfjöllunar á ráðstefnu samningsaðilanna. Ráðstefna samningsaðilanna getur, að teknu tilliti til tilmæla nefndarinnar um aðgang og deilingu ávinnings, ákveðið viðeigandi viðmiðunarreglur um framkvæmd þessarar greinar sem skulu taka tillit til landsbundinnar getu og aðstæðna samningsaðila.

III. HLUTI
**RÁÐSTAFANIR Á BORD VIÐ SVÆÐISBUNDIN STJÓRNUNARÚRRÆÐI,
Þ.M.T. VERNDUÐ HAFSVÆÐI.**

17. gr.

Markmið.

Markmið þessa hluta eru:

- a) að vernda og nýta á sjálfbæran hátt svæði sem þarfnast verndunar, þ.m.t. með því að koma á fót heildstæðu kerfi svæðisbundinna stjórnunarúrræða með vistfræðilega dæmigerðum og vel tengdum netum verndaðra hafsvæða,
- b) að efla samvinnu og samræmingu á notkun svæðisbundinna stjórnunarúrræða, þ.m.t. verndaðra hafsvæða, milli ríkja, viðeigandi lagagerninga og -ramma og viðeigandi alþjóðlegra, svæðisbundinna, undirsvæðisbundinna og sviðsbundinna stofnana,
- c) að vernda, varðveita, endurheimta og viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og vistkerfum, þ.m.t. með það í huga að auka framleiðni þeirra og heilbrigði, og efla viðnám gegn streituvöldum, þ.m.t. þeim sem tengjast loftslagsbreytingum, súrnun sjávar og sjávarmengun,
- d) að styðja við fæðuöryggi og önnur félagsleg og hagræn markmið, þ.m.t. verndun menningarlegra gilda,
- e) að styðja við samningsaðila sem eru þróunarríki, einkum þau lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun, landlukt þróunarlönd, landfræðilega afskipt ríki, þróunarríki sem eru lítil eyríki, strandríki Afríku, eyjaklasaríki og millitekjupróunarlönd, með tilliti til sérstakra aðstæðna í þróunarrikjunum sem eru lítil eyríki, með uppbyggingu á getu og þróun og miðlun haftækni, við þróun, innleiðingu, vöktun, stjórnun og framkvæmd svæðisbundinna stjórnunarúrræða, þ.m.t. vernduð hafsvæði.

18. gr.

Svæðisbundið gildissvið.

Þegar svæðisbundnum stjórnunarúrræðum er komið á, þ.m.t. vernduðum hafsvæðum, skulu engin svæði vera innan lögsögu ríkis og þau skulu ekki teljast grundvöllur fyrir því að halda fram eða hafna fullveldi, fullveldisréttindum eða lögsögu, þ.m.t. að því er varðar deilumál þar að lútandi. Ráðstefna samningsaðilanna skal ekki taka til umfjöllunar vegna ákvörðunartöku tillögur um að koma á fót slíkum svæðisbundnum stjórnunarúrræðum, þ.m.t. vernduðum hafsvæðum, og aldrei skal túlka slíkar tillögur svo að í þeim felist viðurkenning, eða höfnun á viðurkenningu, á kröfum um fullveldi, fullveldisréttindi eða lögsögu.

19. gr.

Tillögur.

1. Samningsaðilarnir skulu, hver fyrir sig eða sameiginlega, leggja fyrir skrifstofuna tillögur um að koma á fót svæðisbundnum stjórnunarúrræðum, þ.m.t. vernduðum hafsvæðum, samkvæmt þessum hluta.
2. Samningsaðilarnir skulu starfa með og hafa samráð, eftir því sem við á, við viðkomandi hagsmunaaðila, þ.m.t. ríki og alþjóðlegar, svæðisbundnar, undirsvæðisbundnar og sviðsbundnar stofnanir, sem og borgaralegt samfélag, vísindasamfélagið, einkageirann, frumbyggja og nær-samfélag, um að þróa tillögur eins og fram kemur í þessum hluta.
3. Tillögur skulu settar fram á grundvelli bestu fánlegu vísinda og vísindaupplýsinga og, þar sem hún er fyrir hendi, viðeigandi hefðbundinnar þekkingar frumbyggja og nærsamfélaga, að teknu tilliti til varúðarnálgunar og vistkerfislegrar nálgunar.
4. Í tillögum er varða tilgreind svæði skulu vera eftirfarandi lykilþættir:

- a) landfræðileg lýsing eða rúmfræðileg lýsing á svæðinu sem tillagan tekur til, með vísun í leiðbeinandi viðmiðanir sem tilgreindar eru í I. viðauka,
 - b) upplýsingar um allar viðmiðanir sem tilgreindar eru í I. viðauka, sem og viðmiðanir sem unnt er að þróa frekar og endurskoða í samræmi við 5. mgr. hér á eftir, sem beitt er til að tilgreina svæðið,
 - c) starfsemi manna á svæðinu, þ.m.t. notkun frumbyggja og nærsamfélaga, og hugsanleg áhrif hennar, ef einhver eru,
 - d) lýsing á ástandi umhverfis hafsins og líffræðilegri fjölbreytni á tilgreinda svæðinu,
 - e) lýsing á markmiðum um verndun og, eftir því sem við á, um sjálfbæra nýtingu sem gilda skulu um svæðið,
 - f) drög að stjórnunaráætlun sem tekur til fyrirhugaðra ráðstafana og þar sem lýst er fyrirhugaðri vöktunar-, rannsóknar- og endurskoðunarstarfsemi til að ná fram tilgreindum markmiðum,
 - g) gildistími svæðis og ráðstafana sem tillaga er gerð um, ef um slíkt er að ræða,
 - h) upplýsingar um hvers konar samráð við ríki, þ.m.t. aðliggjandi strandríki og/eða viðeigandi alþjóðlegar, svæðisbundnar, undirsvæðisbundnar og sviðsbundnar stofnanir, ef um slíkt er að ræða,
 - i) upplýsingar um svæðisbundin stjórnunarúrræði, þ.m.t. vernduð hafsvæði, sem komið er í framkvæmd samkvæmt viðeigandi lagagerningum og -römmum og viðeigandi alþjóðlegum, svæðisbundnum, undirsvæðisbundnum og sviðsbundnum stofnunum,
 - j) viðkomandi vísindalegt innlegg og, þar sem hún er fyrir hendi, hefðbundin þekking frumbyggja og nærsamfélaga.
5. Leiðbeinandi viðmiðanir varðandi tilgreiningu á slíkum svæðum skulu, eftir því sem við á, fela í sér þær sem tilgreindar eru í I. viðauka og vísinda- og tækninefnd getur þróað og endurskoðað frekar, eftir því sem nauðsyn krefur, fyrir ráðstefnu samningsaðilanna til umfjöllunar og samþykktar.
6. Vísinda- og tækninefndin skal, eftir því sem nauðsyn krefur, útfæra frekari kröfur varðandi innihald tillagna, þ.m.t. fyrirkomulag við beitingu leiðbeinandi viðmiðana eins og tilgreint er í 5. mgr. hér að framan, og leiðbeiningar varðandi tillögur sem tilgreindar eru í b-lið 4. mgr. hér að framan, fyrir ráðstefnu samningsaðilanna til umfjöllunar og samþykktar.

20. gr.

Kynning og forathugun tillagna.

Þegar skrifstofan hefur móttengið skriflega tillögu skal hún gera tillöguna aðgengilega öllum og senda hana vísinda- og tækninefndinni til forathugunar. Tilgangurinn með athuginni er að ganga úr skugga um að í tillögunni séu allar umbeðnar upplýsingar skv. 19. gr., þ.m.t. leiðbeinandi viðmiðanir sem lýst er í þessum hluta og í I. viðauka. Niðurstaða þeirrar athugunar skal gerð aðgengileg öllum og skal skrifstofan koma henni á framfæri við talsmann tillögunnar. Talsmaðurinn skal endursenda tillöguna til skrifstofunnar að teknu tilliti til forathugunar vísinda- og tækninefndarinnar. Skrifstofan skal tilkynna samningsaðilunum um þetta, gera endursendu tillöguna aðgengilega öllum og greiða fyrir samráði skv. 21. gr.

21. gr.

Samráð um tillögur og mat á þeim.

1. Samráð um tillögur, sem lagðar eru fram skv. 19. gr., skal ná til allra, vera gagnsætt og opið öllum viðkomandi hagsmunaaðilum, þ.m.t. ríkjum og alþjóðlegum, svæðisbundnum, undirsvæðisbundnum og sviðsbundnum stofnunum, sem og borgaralegu samfélagi, vísindasamfélaginu, frumbyggjum og nærsamfélögum.
2. Skrifstofan skal greiða fyrir samráði og safna innleggi eins og hér segir:
 - a) senda skal ríkjum tilkynningar, einkum aðliggjandi strandríkjum, og þeim boðið að leggja fram m.a.:
 - i. álit á kostum og landfræðilegu gildissviði tillögunnar,
 - ii. hvers kyns annað vísindalegt innlegg sem skiptir máli,

- iii. upplýsingar varðandi gildandi ráðstafanir eða starfsemi á aðliggjandi eða tengdum svæðum innan sem utan lögsögu ríkja,
 - iv. álit á hugsanlegum áhrifum tillögunnar á svæði innan lögsögu ríkja,
 - v. hvers kyns aðrar upplýsingar sem skipta máli,
- b) viðeigandi lagagerningum og -römmum og viðeigandi alþjóðlegum, svæðisbundnum, undirsvæðisbundnum og sviðsbundnum stofnunum skal gert viðvart og þeim boðið að leggja fram m.a.:
- i. álit á kostum tillögunnar,
 - ii. hvers kyns annað vísindalegt innlegg sem skiptir máli,
 - iii. upplýsingar varðandi gildandi ráðstafanir sem sá gerningur, rammi eða stofnun hefur samþykkt fyrir viðkomandi svæði eða aðliggjandi svæði,
 - iv. álit er varðar alla þætti ráðstafananna og önnur atriði fyrir drög að stjórnunaráætlun sem tilgreind eru í tillögunni og falla undir valdsvið þeirrar stofnunar,
 - v. álit er varðar viðeigandi viðbótarráðstafanir sem falla innan valdsviðs þess gernings, ramma eða stofnunar,
 - vi. hvers kyns aðrar upplýsingar sem skipta máli,
- c) bjóða skal frumbyggjum og nærsamfélögum, sem búa yfir viðeigandi hefðbundinni þekkingu, vísindasamfélaginu, borgaralegu samfélagi og öðrum viðkomandi hagsmunaaðilum að leggja fram m.a.:
- i. álit á kostum tillögunnar,
 - ii. hvers kyns annað vísindalegt innlegg sem skiptir máli,
 - iii. hvers kyns viðeigandi hefðbundna þekkingu frumbyggja og nærsamfélaga,
 - iv. hvers kyns aðrar viðeigandi upplýsingar.
3. Skrifstofan skal gera framlög sem hún tekur við skv. 2. mgr. hér að framan aðgengileg öllum.
4. Í þeim tilvikum þar sem fyrirhuguð ráðstöfun hefur áhrif á svæði sem eru að öllu leyti umkringd sérefnahagslögsögum ríkja skulu talsmenn:
- a) ráðast í markvisst og framvirkt samráð við þau ríki, þ.m.t. með fyrirframtilkynningum,
 - b) taka tillit til sjónarmiða og athugasemda slíkra ríkja varðandi fyrirhugaða ráðstöfun og veita skrifleg svör þar sem sérstaklega er fjallað um slík sjónarmið og athugasemdir og, eftir því sem við á, endurskoða fyrirhugaða ráðstöfun til samræmis við það.
5. Talsmaðurinn skal taka tillit til framlaga sem hann hefur fengið á samráðstímanum, sem og sjónarmiða og upplýsinga frá vísinda- og tækninefndinni og endurskoða, eftir því sem við á, tillöguna til samræmis við það eða svara efnislegum framlögum sem koma ekki fram í tillögunni.
6. Samráðsferlið skal standa yfir í tiltekinn tíma.
7. Leggja skal endurskoðuðu tillöguna fyrir vísinda- og tækninefndina sem skal meta hana og beina tilmælum til ráðstefnu samningsaðilanna.
8. Vísinda- og tækninefndin skal, eftir því sem nauðsyn krefur, á fyrsta fundi sínum útfæra nánar fyrirkomulag samráðs- og matsferlisins, þ.m.t. lengd þess, fyrir ráðstefnu samningsaðilanna til umfjöllunar og samþykktar, að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna þróunarríkja sem eru lítil eyríki.

22. gr.

Svæðisbundnum stjórnunarúrræðum, þ.m.t. vernduðum hafsvæðum, komið á fót.

1. Á grundvelli lokatillögunnar og draganna að stjórnunaráætlun, með tilliti til framlaga og vísindalegs innleggs sem fengist hafa í samráðsferlinu, sem komið er á samkvæmt þessum hluta, og vísindalegrar ráðgjafar og ráðlegginga frá vísinda- og tækninefndinni:
- a) skal ráðstefna aðilanna taka ákvarðanir varðandi það að koma á svæðisbundnum stjórnunarúrræðum, þ.m.t. vernduðum hafsvæðum, og gera ráðstafanir í tengslum við það,
 - b) getur ráðstefna aðilanna tekið ákvarðanir um ráðstafanir sem samrýmast þeim sem samþykktar eru af viðeigandi lagagerningum og -römmum og af viðeigandi alþjóðlegum, svæðisbundnum, undirsvæðisbundnum og sviðsbundnum stofnunum, í samvinnu og samræmi við þessa gerninga, ramma og stofnanir,
 - c) getur ráðstefna aðilanna lagt fram, ef fyrirhugaðar ráðstafanir falla undir valdsvið annarra alþjóðlegra, svæðisbundinna, undirsvæðisbundinna og sviðsbundinna stofnana, ráðleggingar

- til aðila að samningi þessum og til alþjóðlegra, svæðisbundinna, undirsvæðisbundinna og sviðsbundinna stofnana um að styðja við samþykkt viðeigandi ráðstafana með slíkum gerningum, römmum og stofnunum, í samræmi við umboð hvers þeirra um sig.
2. Við ákvarðanatöku samkvæmt þessari grein skal ráðstefna samningsaðilanna virða valdsvið viðeigandi lagagerninga og -ramma og viðeigandi alþjóðlegra, svæðisbundinna, undirsvæðisbundinna og sviðsbundinna stofnana og ekki grafa undan þeim.
 3. Ráðstefna samningsaðilanna skal gera ráðstafanir til að koma á reglulegu samráði til að efla samvinnu við og samræmingu milli viðeigandi lagagerninga og -ramma og viðeigandi alþjóðlegra, svæðisbundinna, undirsvæðisbundinna og sviðsbundinna stofnana að því er varðar svæðisbundin stjórnunarúrræði, þ.m.t. vernduð hafsvæði, sem og samræmingu að því er varðar tengdar ráðstafanir sem samþykktar eru samkvæmt slíkum gerningum og rammaákvæðum og af slíkum stofnunum.
 4. Þegar markmið og framkvæmd þessa hluta krefjast þess, til að efla enn frekar alþjóðlega samvinnu og samræmingu að því er varðar verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsvæða utan lögsögu ríkja, getur ráðstefna samningsaðilanna tekið til umfjöllunar og, með fyrirvara um 1. og 2. mgr. hér að framan, ákveðið, eftir því sem við á, að þróa fyrirkomulag varðandi fyrirliggjandi svæðisbundin stjórnunarúrræði, þ.m.t. vernduð hafsvæði, sem samþykkt yrði með viðeigandi lagagerningum og -römmum eða af viðeigandi alþjóðlegum, svæðisbundnum, undirsvæðisbundnum og sviðsbundnum stofnunum.
 5. Ákvarðanir og tilmæli, sem ráðstefna samningsaðilanna samþykkir í samræmi við þennan hluta, skulu ekki grafa undan skilvirkni ráðstafana sem samþykktar eru að því er varðar svæði innan lögsögu ríkja og skulu gerð með tilhlýðilegu tilliti til réttinda og skyldna allra ríkja í samræmi við hafréttarsamninginn. Í tilvikum þar sem ráðstafanir, sem lagðar eru til samkvæmt þessum hluta, myndu hafa eða raunhæft er að vænta að muni hafa áhrif á hafið yfir hafsbóttninum og botnlög neðansjávarsvæða þar sem strandríki hefur fullveldisréttindi samkvæmt hafréttarsamningnum, skal í slíkum ráðstöfunum taka tilhlýðilegt tillit til fullveldisréttinda slíkra strandríkja. Í þessu skyni skal hafa samráð, í samræmi við ákvæði þessa hluta.
 6. Í tilvikum þar sem svæðisbundið stjórnunarúrræði, þ.m.t. verndað hafsvæði, sem komið er á fót samkvæmt þessum hluta fellur síðar, annaðhvort að öllu leyti eða að hluta, innan lögsögu strandríkis skal sá hluti sem er innan lögsögu þess falla tafarlaust úr gildi. Sá hluti sem eftir stendur á svæðum utan lögsögu ríkja skal vera áfram í gildi fram að því að ráðstefna samningsaðilanna endurskoðar og ákveður, á næsta fundi sínum, hvort breyta eigi svæðisbundna stjórnunarúrræðinu, þ.m.t. vernduðu hafsvæði, eða afturkalla það, eftir því sem nauðsyn krefur.
 7. Við stofnun eða breytingu valdsviðs viðeigandi lagagerninga eða -ramma eða viðeigandi alþjóðlegrar, svæðisbundinnar, undirsvæðisbundinnar eða sviðsbundinnar stofnunar skulu hvers konar svæðisbundin stjórnunarúrræði, þ.m.t. verndað hafsvæði, eða tengdar ráðstafanir, sem ráðstefna samningsaðilanna samþykkir samkvæmt þessum hluta sem falla síðar undir valdsvið slíks gerninga, ramma eða stofnunar, annaðhvort að öllu leyti eða að hluta, gilda áfram þar til ráðstefna samningsaðilanna endurskoðar og ákveður, í náinni samvinnu og samræmingu við þann gerning, ramma eða stofnun, að viðhalda, breyta eða afturkalla svæðisbundna stjórnunarúrræðið, þ.m.t. verndað hafsvæði, og tengdar ráðstafanir, eftir því sem við á.

23. gr.

Ákvarðanatöku.

1. Almennt skal taka ákvarðanir og gefa út tilmæli samkvæmt þessum hluta með samhljóða samþykki.
2. Ef samhljóða samþykki næst ekki skulu ákvarðanir og tilmæli samkvæmt þessum hluta samþykkt með þremur fjórðu hlutum atkvæða þeirra samningsaðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði, en áður skal ráðstefna samningsaðilanna ákveða, með tveimur þriðju hlutum atkvæða þeirra samningsaðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði, að allar tilraunir til að ná samhljóða samþykki hafi reynst árangurslausar.

3. Ákvarðanir sem teknar eru samkvæmt þessum hluta skulu öðlast gildi 120 dögum eftir fund ráðstefnu samningsaðilanna þar sem þær voru teknar og þær skulu vera bindandi fyrir alla samningsaðila.
4. Á því 120 daga tímabili sem kveðið er á um í 3. mgr. hér að framan getur sérhver samningsaðili lagt fram andmæli, með skriflegri tilkynningu til skrifstofunnar, að því er varðar ákvörðun sem samþykkt er samkvæmt þessum hluta og skal sú ákvörðun ekki vera bindandi fyrir þann samningsaðila. Hægt er að draga andmæli gegn ákvörðun til baka hvenær sem er með skriflegri tilkynningu til skrifstofunnar og að svo búnu skal ákvörðunin vera bindandi fyrir viðkomandi samningsaðila 90 dögum eftir dagsetningu tilkynningarinnar þar sem fram kemur að andmælin séu dregin til baka.
5. Samningsaðili sem leggur fram andmæli skv. 4. mgr. hér að framan skal láta skrifstofunni skriflega í té, þegar hann leggur andmælin fram, útskýringar á ástæðunum fyrir andmælunum sem skulu byggjast á einni eða fleiri af eftirfarandi ástæðum:
 - a) ákvörðunin er í ósamræmi við samning þennan eða réttindi og skyldur samningsaðilans sem andmælir í samræmi við hafréttarsamninginn,
 - b) ákvörðunin mismunar samningsaðilanum, sem andmælir henni, á óréttmætan hátt, hvort sem er að formi eða efni til,
 - c) samningsaðilinn getur ekki, á þeim tíma sem hann leggur fram andmælin, farið að ákvörðuninni með eðlilegum hætti þrátt fyrir að hafa gert sitt besta til þess.
6. Samningsaðili sem leggur fram andmæli skv. 4. mgr. hér að framan skal, að því marki sem unnt er, samþykkja aðrar ráðstafanir eða aðferðir sem eru jafngildar þeirri ákvörðun sem hann hefur andmælt og skal ekki samþykkja eða gera ráðstafanir sem myndu grafa undan skilvirkni ákvörðunarinnar sem hann hefur andmælt nema slíkar ráðstafanir eða aðgerðir séu nauðsynlegar til að samningsaðilinn sem andmælir geti nýtt sér réttindi sín og skyldur í samræmi við hafréttarsamninginn.
7. Samningsaðilinn sem andmælir skal leggja fram á næsta reglulega fundi ráðstefnu samningsaðilanna skýrslu um framkvæmd 6. mgr. hér að framan, í kjölfar tilkynningar hans skv. 4. mgr. hér að framan, og reglulega eftir það til að upplýsa um vöktun og endurskoðun skv. 26. gr.
8. Einungis er heimilt að endurnýja andmæli gegn ákvörðun, sem lögð eru fram í samræmi við 4. mgr. hér að framan, ef samningsaðilinn sem andmælir telur það enn nauðsynlegt, á þriggja ára fresti eftir gildistöku ákvörðunarinnar, með skriflegri tilkynningu til skrifstofunnar. Í slíkri skriflegri tilkynningu skal koma fram útskýring á röksemdum fyrir upphaflegum andmælum viðkomandi aðila.
9. Berist engin tilkynning um endurnýjun skv. 8. mgr. hér að framan skulu andmælin teljast sjálfkrafa dregin til baka og að svo búnu skal ákvörðunin vera bindandi fyrir þann samningsaðila 120 dögum eftir að andmælin eru sjálfkrafa dregin til baka. Skrifstofan skal tilkynna samningsaðilanum um það 60 dögum fyrir þann dag sem andmælin verða sjálfkrafa dregin til baka.
10. Skrifstofan skal gera ákvarðanir ráðstefnu samningsaðilanna, sem samþykktar eru samkvæmt þessum hluta, og andmæli gegn þeim ákvörðunum aðgengileg öllum og senda þau öllum ríkjum og viðeigandi lagagerningum og -römmum og viðeigandi alþjóðlegum, svæðisbundnum, undirsvæðisbundnum og sviðsbundnum stofnunum.

24. gr.

Neyðarráðstafanir.

1. Ráðstefna samningsaðilanna skal taka ákvarðanir um að samþykkja ráðstafanir á svæðum utan lögsögu ríkja, sem beita skal í neyðartilvikum ef nauðsyn krefur þegar náttúrufyrirbæri eða hamfarir af mannavöldum hafa valdið eða eru líklegar til að valda alvarlegum eða óbætanlegum skaða á líffræðilegri fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja, til að tryggja að ekki verði aukið á alvarlegan eða óafturkræfa skaða.
2. Ráðstafanir sem samþykktar eru samkvæmt þessari grein skulu aðeins teljast nauðsynlegar, að höfðu samráði við viðeigandi lagagerninga eða -ramma eða viðeigandi alþjóðlegar, svæðisbundnar, undirsvæðisbundnar eða sviðsbundnar stofnanir, ef ekki er unnt að ná tökum á þessum alvarlega eða óafturkræfa skaða tímanlega með beitingu annarra greina þessa samnings eða

viðeigandi lagagerningi eða -ramma eða innan viðeigandi alþjóðlegrar, svæðisbundinnar, undirsvæðisbundinnar eða sviðsbundinnar stofnunar.

- Byggja skal ráðstafanir, sem samþykktar eru í neyðartilvikum, á bestu fáanlegu vísindum og vísindaupplýsingum og, þar sem hún liggur fyrir, viðeigandi hefðbundinni þekkingu frumbyggja og nærsamfélaga og í þeim skal taka tillit til varúðarnálgunarinnar. Samningsaðilar geta lagt til slíkar ráðstafanir eða vísinda- og tækninefndin getur mælt með þeim og þær má samþykkja milli funda ráðstefnu aðilanna. Ráðstafanirnar skulu vera tímabundnar og fjalla verður um þær að nýju til ákvörðunar á næsta fundi ráðstefnu samningsaðilanna eftir samþykkt þeirra.
- Ráðstafanirnar skulu falla úr gildi tveimur árum eftir gildistöku þeirra eða þær skulu felldar úr gildi af ráðstefnu samningsaðilanna um leið og svæðisbundnum stjórnunarúrræðum er komið á í þeirra stað, þ.m.t. vernduðum hafsvæðum, ásamt tengdum ráðstöfunum sem komið er á í samræmi við þennan hluta, eða ráðstöfunum sem viðeigandi lagagerningar eða -rammar, eða viðeigandi alþjóðleg, svæðisbundin, undirsvæðisbundin eða sviðsbundin stofnun, samþykkja eða ákvörðun ráðstefnu samningsaðilanna þegar þær ástæður sem kröfðust ráðstöfunarinnar eru ekki lengur fyrir hendi.
- Vísinda- og tækninefndin skal, eftir því sem nauðsyn krefur, útfæra verklagsreglur og leiðbeiningar um hvernig koma skal á neyðarráðstöfunum, þ.m.t. samráðsferli, fyrir ráðstefnu samningsaðilanna til umfjöllunar og samþykktar við fyrsta tækifæri. Slíkar verklagsreglur skulu ná til allra og vera gagnsæjar.

25. gr.

Framkvæmd.

- Samningsaðilarnir skulu sjá til þess að starfsemi, sem fellur undir þeirra lögsögu eða er undir þeirra stjórn, sem fer fram á svæðum utan lögsögu ríkja, verði framkvæmd í samræmi við ákvarðanirnar sem samþykktar eru samkvæmt þessum hluta.
- Engin ákvæði samnings þessa skulu koma í veg fyrir að samningsaðili samþykki strangari ráðstafanir að því er varðar ríkisborgara hans og skip eða starfsemi, sem fellur undir lögsögu hans eða stjórn, til viðbótar þeim sem samþykktar eru samkvæmt þessum hluta, í samræmi við þjóðarétt og til stuðnings markmiðum samningsins.
- Framkvæmd ráðstafananna sem samþykktar eru samkvæmt þessum hluta ætti ekki að leiða til óhóflegrar byrði á samningsaðila sem eru þróunarriki sem eru lítil eyriki eða lönd sem eru skemmt á veg komin í þróun, með beinum eða óbeinum hætti.
- Samningsaðilarnir skulu stuðla að því, eftir því sem við á, að samþykktar verði ráðstafanir innan viðeigandi lagagerninga og -ramma og viðeigandi alþjóðlegra, svæðisbundinna, undirsvæðisbundinna og sviðsbundinna stofnana, sem þeir eiga aðild að, til að styðja við framkvæmd ákvarðana og tilmæla ráðstefnu samningsaðilanna samkvæmt þessum hluta.
- Samningsaðilarnir skulu hvetja þau ríki, sem eiga rétt á að gerast aðilar að samningi þessum, einkum þau sem hafa starfsemi, skip eða ríkisborgara sem starfa á svæði sem fellur undir svæðisbundið stjórnunarúrræði, þ.m.t. verndað hafsvæði, til að samþykkja ráðstafanir til stuðnings ákvörðunum og tilmælum ráðstefnu samningsaðilanna um svæðisbundin stjórnunarúrræði, þ.m.t. vernduð hafsvæði, sem komið er á fót samkvæmt þessum hluta.
- Samningsaðili, sem er ekki aðili að eða þátttakandi í viðeigandi lagagerningi eða -ramma eða aðili að viðeigandi alþjóðlegri, svæðisbundinni, undirsvæðisbundinni eða sviðsbundinni stofnun og sem samþykkir ekki með öðrum hætti að beita þeim ráðstöfunum sem komið er á fót samkvæmt slíkum gerningum og römmum, skal ekki leystur undan þeirri skyldu að starfa í samræmi við hafréttarsamninginn og þennan samning að verndun og sjálfbærri nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja.

26. gr.

Vöktun og endurskoðun.

- Samningsaðilarnir skulu, hver fyrir sig eða í sameiningu, gefa ráðstefnu samningsaðilanna skýrslu um framkvæmd svæðisbundinna stjórnunarúrræða, þ.m.t. verndaðra hafsvæða, sem komið er á fót samkvæmt þessum hluta, og tengdra ráðstafana. Skrifstofan skal gera slíkar skýrslur, sem og

upplýsingarnar og endurskoðunina sem um getur í 2. og 3. mgr. hér á eftir, eftir því sem við á, aðgengilegar öllum.

2. Bjóða skal viðeigandi lagagæringum og -römmum og viðeigandi alþjóðlegum, svæðisbundnum, undirsvæðisbundnum og sviðsbundnum stofnunum að veita ráðstefnu samningsaðilanna upplýsingar um framkvæmd ráðstafana sem þau hafa samþykkt til að ná markmiðum svæðisbundinna stjórnunarúrræða, þ.m.t. verndaðra hafsvæða, sem komið er á fót samkvæmt þessum hluta.
3. Vísinda- og tækninefndin skal vakta og endurskoða reglulega svæðisbundin stjórnunarúrræði, þ.m.t. vernduð hafsvæði, sem komið er á fót samkvæmt þessum hluta, þ.m.t. tengdar ráðstafanir, með tilliti til þeirra skýrslna og upplýsinga sem um getur í 1. og 2. mgr. hér að framan, eftir því sem við á.
4. Við endurskoðunina, sem um getur í 3. mgr. hér að framan, skal vísinda- og tækninefndin meta skilvirkni svæðisbundinna stjórnunarúrræða, þ.m.t. verndaðra hafsvæða, sem komið er á fót samkvæmt þessum hluta, þ.m.t. tengdra ráðstafana og framvindu við að ná markmiðum þeirra, ásamt því að láta ráðstefnu samningsaðilanna í té ráðgjöf og tilmæli.
5. Að endurskoðuninni lokinni skal ráðstefna samningsaðilanna taka, eftir því sem nauðsyn krefur, ákvarðanir eða ákveða tilmæli um breytingar, framlengingu eða afturköllun á svæðisbundnum stjórnunarúrræðum, þ.m.t. vernduðum hafsvæðum, og tengdum ráðstöfunum sem ráðstefnan hefur samþykkt, á grundvelli bestu fáanlegu vísinda og vísindaupplýsinga og, þar sem hún er fyrir hendi, viðeigandi hefðbundinnar þekkingar frumbyggja og nærsamfélaga, að teknu tilliti til varúðarnálgunar og vistkerfisnálgunar.

IV. HLUTI MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

27. gr.

Markmið.

Markmið þessa hluta eru:

- a) að koma ákvæðum hafréttarsamningsins um mat á umhverfisáhrifum fyrir svæði utan lögsögu ríkja í framkvæmd með því að koma á ferlum, viðmiðunarmörkum og öðrum kröfum til að samningsaðilar geti framkvæmt slíkt mat og gefið um það skýrslu,
- b) að tryggja að starfsemi sem fellur undir þennan hluta sé metin og hún framkvæmd til að koma í veg fyrir, milda og stýra umtalsverðum neikvæðum áhrifum í þeim tilgangi að vernda og varðveita umhverfi hafsins,
- c) að styðja við athugun á samlegðaráhrifum og áhrifum á svæðum innan lögsögu ríkja,
- d) að kveða á um umhverfismat áætlana,
- e) að ná fram samræmdum ramma fyrir mat á umhverfisáhrifum að því er varðar starfsemi á svæðum utan lögsögu ríkja,
- f) að byggja upp og efla getu samningsaðilanna, einkum samningsaðila sem eru þróunarríki og sérstaklega þeirra landa sem eru skemmt á veg komin í þróun, landluktra þróunarlanda, landfræðilega afskiptra ríkja, þróunarríkja sem eru lítil eyriki, strandríkja Afríku, eyjaklasaríkja og millitekjupróunarlanda, til að undirbúa, framkvæma og taka út mat á umhverfisáhrifum og umhverfismat áætlana til að styðja við markmið samnings þessa.

28. gr.

Skýlda til að framkvæma mat á umhverfisáhrifum.

1. Samningsaðilarnir skulu tryggja að hugsanleg áhrif á umhverfi hafsins af fyrirhugaðri starfsemi, sem fellur undir lögsögu þeirra eða stjórn, sem fram fer á svæðum utan lögsögu ríkja, séu metin eins og sett er fram í þessum hluta áður en leyfi er veitt fyrir starfseminni.
2. Þegar samningsaðili, sem hefur lögsögu eða stjórn yfir fyrirhugaðri starfsemi sem á að framkvæma á hafsvæðum innan lögsögu ríkja, ákvarðar að starfsemin kunni að valda umtalsverðri mengun eða verulegum og skaðlegum breytingum á umhverfi hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja skal hann tryggja að mat á umhverfisáhrifum af slíkri starfsemi fari fram í samræmi við þennan hluta eða að mat á umhverfisáhrifum fari fram samkvæmt landsbundnu ferli hans. Samningsaðili sem framkvæmir slíkt mat samkvæmt landsbundnu ferli sínu skal:

- a) í landsbundna ferlinu gera viðeigandi upplýsingar aðgengilegar tímanlega í gegnum upplýsingamiðlunarkerfið,
 - b) tryggja að starfsemin sé vöktuð í samræmi við kröfur landsbundna ferlisins,
 - c) tryggja að skýrslur um mat á umhverfisáhrifum og allar viðeigandi vöktunarskýrslur séu gerðar aðgengilegar í gegnum upplýsingamiðlunarkerfið eins og fram kemur í þessum samningi.
3. Þegar vísinda- og tækninefndin hefur fengið upplýsingarnar sem um getur í a-lið 2. mgr. hér að framan getur hún komið athugasemdum á framfæri við þann samningsaðila sem hefur lögsögu eða stjórn yfir fyrirhugaðri starfsemi.

29. gr.

Tengsl milli þessa samnings og ferla fyrir mat á umhverfisáhrifum innan viðeigandi lagagerninga og -ramma og viðeigandi alþjóðlegra, svæðisbundinna, undirsvæðisbundinna og sviðsbundinna stofnana.

1. Samningsaðilarnir skulu stuðla að notkun mats á umhverfisáhrifum og að samþykkt og framkvæmd staðla og/eða viðmiðunarreglna, sem þróaðar eru skv. 38. gr., innan viðeigandi lagagerninga og -ramma og viðeigandi alþjóðlegra, svæðisbundinna, undirsvæðisbundinna og sviðsbundinna stofnana sem þeir eiga aðild að.
2. Ráðstefna samningsaðilanna skal þróa fyrirkomulag samkvæmt þessum hluta sem gerir vísinda- og tækninefndinni kleift að starfa með viðeigandi lagagerningum og -römmum og viðeigandi alþjóðlegum, svæðisbundnum, undirsvæðisbundnum og sviðsbundnum stofnunum sem setja reglur um starfsemi á svæðum utan lögsögu ríkja eða vernda umhverfi hafsins.
3. Þegar vísinda- og tækninefndin þróar eða uppfærir staðla eða viðmiðunarreglur skv. 38. gr. vegna framkvæmdar aðila að þessum samningi á mati á umhverfisáhrifum af starfsemi utan lögsögu ríkja skal hún, eftir því sem við á, starfa með viðeigandi lagagerningum og -römmum og viðeigandi alþjóðlegum, svæðisbundnum, undirsvæðisbundnum og sviðsbundnum stofnunum.
4. Ekki er nauðsynlegt að skoða fyrirhugaða starfsemi á svæðum utan lögsögu ríkja eða framkvæma mat á umhverfisáhrifum vegna hennar, að því tilskildu að samningsaðilinn sem hefur lögsögu eða stjórn yfir fyrirhugaðri starfsemi ákvarði:
 - a) að hugsanleg áhrif af fyrirhugaðri starfsemi eða flokki starfsemi hafi verið metin í samræmi við kröfur annarra viðeigandi lagagerninga eða -ramma eða af viðeigandi alþjóðlegum, svæðisbundnum, undirsvæðisbundnum og sviðsbundnum stofnunum,
 - b) að:
 - i. matið, sem þegar hefur verið unnið í tengslum við fyrirhugaða starfsemi, jafngildi því sem krafist er í þessum hluta og að tekið verði tillit til niðurstöðunnar úr matinu eða
 - ii. reglur eða staðlar viðeigandi lagagerninga eða -ramma eða viðeigandi alþjóðlegra, svæðisbundinna, undirsvæðisbundinna og sviðsbundinna stofnana sem leiðir af matinu hafi verið hönnuð til að koma í veg fyrir, milda eða stýra hugsanlegum áhrifum undir viðmiðunarmörkum fyrir mat á umhverfisáhrifum samkvæmt þessum hluta og þeim hefur verið fylgt.
5. Þegar mat á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar starfsemi á svæðum utan lögsögu ríkja hefur farið fram samkvæmt viðeigandi lagagerningi eða -ramma eða hjá viðeigandi alþjóðlegri, svæðisbundinni, undirsvæðisbundinni eða sviðsbundinni stofnun skal hlutaðeigandi samningsaðili tryggja að skýrslan um matið á umhverfisáhrifum verði birt í gegnum upplýsingamiðlunarkerfið.
6. Samningsaðilarnir skulu vakta og endurskoða starfsemina og tryggja að skýrslur um vöktun og endurskoðun séu birtar í gegnum upplýsingamiðlunarkerfið nema fyrirhuguð starfsemi, sem uppfyllir viðmiðanirnar sem settar eru fram í i. lið b-liðar 4. mgr. hér að framan, sæti vöktun og endurskoðun samkvæmt viðeigandi lagagerningi eða -ramma eða hjá viðeigandi alþjóðlegri, svæðisbundinni, undirsvæðisbundinni eða sviðsbundinni stofnun.

30. gr.

Viðmiðunarmörk og þættir við framkvæmd mats á umhverfisáhrifum.

1. Þegar áhrif fyrirhugaðrar starfsemi á umhverfi hafsins kunna að verða meiri en einungis minni háttar eða skammvinn eða áhrif starfseminnar eru óþekkt eða torskilin skal samningsaðilinn, sem hefur lögsögu eða stjórn yfir starfseminni, skoða starfsemina skv. 31. gr. og nota til þess þá þætti sem settir eru fram í 2. mgr. hér á eftir og:
 - a) skoðunin skal vera nægilega ítarleg til að samningsaðilinn geti metið hvort hann hafi gildar ástæður til að ætla að fyrirhuguð starfsemi kunni að valda umtalsverðri mengun eða verulegum og skaðlegum breytingum á umhverfi hafsins og í henni skal koma fram:
 - i. lýsing á fyrirhugaðri starfsemi, þ.m.t. tilgangi hennar, staðsetningu, tímalengd og umfangi, og
 - ii. frumgreining á hugsanlegum áhrifum, þ.m.t. athugun á samlegðaráhrifum og, eftir því sem við á, aðrir valkostir en fyrirhuguð starfsemi,
 - b) ef ákvarðað er á grundvelli skoðunarinnar að samningsaðilinn hafi gildar ástæður til að ætla að starfsemin kunni að valda umtalsverðri mengun eða verulegum og skaðlegum breytingum á umhverfi hafsins skal framkvæma mat á umhverfisáhrifum í samræmi við ákvæði þessa hluta.
2. Þegar samningsaðilar ákvarða hvort fyrirhuguð starfsemi í þeirra lögsögu eða undir þeirra stjórn uppfyllir viðmiðunarmörkin, sem sett eru fram í 1. mgr. hér að framan, skulu þeir taka til athugunar eftirfarandi þætti, sem ekki eru tæmandi:
 - a) tegund starfseminnar og tækni sem er notuð við hana og með hvaða hætti starfsemin á að fara fram,
 - b) tímalengd starfseminnar,
 - c) staðsetningu starfseminnar,
 - d) einkenni og vistkerfi staðarins (þ.m.t. svæði sem hafa sérstaka vistfræðilega eða líffræðilega þýðingu eða eru sérstaklega viðkvæm),
 - e) hugsanleg áhrif af starfseminni, þ.m.t. möguleg samlegðaráhrif og hugsanleg áhrif á svæðum innan lögsögu ríkja,
 - f) að hve miklu leyti áhrif starfseminnar eru óþekkt eða torskilin,
 - g) aðrar viðeigandi vistfræðilegar eða líffræðilegar viðmiðanir.

31. gr.

Ferli við mat á umhverfisáhrifum.

1. Samningsaðilarnir skulu tryggja að ferlið við framkvæmd mats á umhverfisáhrifum samkvæmt þessum hluta feli í sér eftirfarandi skref:
 - a) *Skoðun.* Samningsaðilarnir skulu framkvæma skoðun tímanlega til að ákvarða hvort þörf sé á mati á umhverfisáhrifum að því er varðar fyrirhugaða starfsemi, sem fellur undir lögsögu þeirra eða stjórn, í samræmi við 30. gr., og gera ákvörðun sína aðgengilega öllum:
 - i. ákveði samningsaðili að ekki sé þörf á mati á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar starfsemi, sem fellur undir lögsögu hans eða stjórn, skal hann gera viðeigandi upplýsingar, þ.m.t. skv. a-lið 1. mgr. 30. gr., aðgengilegar öllum í gegnum upplýsingamiðlunarkerfið samkvæmt þessum samningi,
 - ii. samningsaðili getur, á grundvelli bestu fáanlegu vísinda og vísindaupplýsinga og, þar sem hún er fyrir hendi, viðeigandi hefðbundinnar þekkingar frumbyggja og nærsamfélaga, komið á framfæri áliti sínu á hugsanlegum áhrifum af fyrirhugaðri starfsemi, sem tekin hefur verið ákvörðun um í samræmi við i. lið a-liðar hér að framan, við þann samningsaðila sem tók ákvörðunina og vísinda- og tækninefndina innan 40 daga frá birtingu hennar,
 - iii. ef samningsaðilinn, sem kom áliti sínu á framfæri, lýsti yfir áhyggjum af hugsanlegum áhrifum af fyrirhugaðri starfsemi sem ákvörðunin var tekin um skal sá samningsaðili sem tók ákvörðunina taka tillit til slíkra áhyggjuefna og er honum heimilt að endurskoða ákvörðun sína,

- iv. að lokinni umfjöllun um þau áhyggjuefni sem samningsaðili kom á framfæri skv. ii. lið a-liðar hér að framan skal vísinda- og tækninefndin taka til umfjöllunar hugsanleg áhrif af fyrirhugaðri starfsemi og getur metið þau á grundvelli bestu fánlegu vísinda og vísindaupplýsinga og, þar sem hún er fyrir hendi, viðeigandi hefðbundinnar þekkingar frumbyggja og nærsamfélaga og getur, eftir því sem við á, beint tilmælum til samningsaðilans sem tók ákvörðunina eftir að hafa gefið honum tækifæri til að bregðast við áhyggjuefnum sem komið var á framfæri og að teknu tilliti til slíkra viðbragða,
 - v. samningsaðilinn, sem tók ákvörðunina skv. i. lið a-liðar hér að framan skal taka tillit til allra tilmæla frá vísinda- og tækninefndinni,
 - vi. gera skal skráningu á álitserðum og tilmælum vísinda- og tækninefndarinnar aðgengilega öllum, m.a. í gegnum upplýsingamiðlunarkerfið.
- b) *Skilgreining umfangs*. Samningsaðilarnir skulu tryggja að tilgreind séu helstu umhverfisáhrif og öll tengd áhrif, s.s. efnahagsleg, félagsleg og menningarleg áhrif og áhrif á heilbrigði manna, þ.m.t. möguleg samlegðaráhrif og áhrif á svæðum innan lögsögu ríkja, sem og aðrir valkostir í stað fyrirhugaðrar starfsemi, ef einhverjir eru, sem hafa skal með í mati á umhverfisáhrifum sem framkvæma skal samkvæmt þessum hluta. Skilgreina skal umfangið með bestu fánlegu vísindum og vísindaupplýsingum og, þar sem hún er fyrir hendi, viðeigandi hefðbundinni þekkingu frumbyggja og nærsamfélaga.
- c) *Áhrifamat og úttekt*. Samningsaðilarnir skulu sjá til þess að áhrif af fyrirhugaðri starfsemi, þ.m.t. samlegðaráhrif og áhrif á svæðum innan lögsögu ríkja, séu metin og úttekt gerð á þeim á grundvelli bestu fánlegu vísinda og vísindaupplýsinga og, þar sem hún liggur fyrir, viðeigandi hefðbundinnar þekkingar frumbyggja og nærsamfélaga.
- d) *Forvarnir, mildun og stýring hugsanlegra neikvæðra áhrifa*. Samningsaðilarnir skulu sjá til þess að:
- i. ráðstafanir til að koma í veg fyrir, milda og stýra hugsanlegum neikvæðum áhrifum af fyrirhugaðri starfsemi í þeirra lögsögu eða undir þeirra stjórn verði auðkenndar og greindar til að forðast umtalsverð neikvæð áhrif. Slíkar ráðstafanir geta falið í sér athugun á öðrum kostum en fyrirhugaðri starfsemi í þeirra lögsögu eða undir þeirra stjórn,
 - ii. þessar ráðstafanir verði felldar inn í umhverfisstjórnunaráætlun, eftir því sem við á.
- e) Samningsaðilarnir skulu tryggja opinbera tilkynningu og samráð í samræmi við 32. gr.
- f) Samningsaðilarnir skulu tryggja að skýrsla um mat á umhverfisáhrifum verði samin og birt í samræmi við 33. gr.
2. Samningsaðilarnir geta látið fara fram sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum, einkum vegna fyrirhugaðrar starfsemi í lögsögu eða undir stjórn þróunarríkja sem eru lítil eyriki.
3. Setja skal á fót undir formerkjum vísinda- og tækninefndarinnar nafnaskrá yfir sérfræðinga. Samningsaðilar með takmarkaða afkastagetu geta farið fram á ráðgjöf og aðstoð frá þessum sérfræðingum til að framkvæma og gera úttekt á skoðunum og mati á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar starfsemi í lögsögu eða undir stjórn þeirra. Ekki er unnt að skipa sérfræðingana í annan hluta ferlis vegna mats á umhverfisáhrifum af sömu starfsemi. Samningsaðilinn sem óskaði eftir ráðgjöfinni og aðstoðinni skal tryggja að slíkt mat á umhverfisáhrifum sé lagt fyrir hann til endurskoðunar og ákvarðanatöku.

32. gr.

Opinber tilkynning og samráð.

1. Samningsaðilarnir skulu tryggja tímanlega opinbera tilkynningu um fyrirhugaða starfsemi, þ.m.t. með birtingu í gegnum upplýsingamiðlunarkerfið og skrifstofuna, og fyrirhuguð og skilvirk tímabundin tækifæri, eins og raunhæft er, til þátttöku fyrir öll ríki, einkum aðliggjandi strandríki og önnur ríki sem liggja að starfseminni þegar þau gætu orðið fyrir mestum áhrifum, sem og hagsmunaaðila í ferlinu vegna mats á umhverfisáhrifum. Tilkynning og tækifæri til þátttöku, m.a. með framlagningu athugasemda, skal fara fram meðan á ferli vegna mats á umhverfisáhrifum stendur, eftir því sem við á, þ.m.t. þegar umfang mats á umhverfisáhrifum skv. b-lið 1. mgr. 31.

- gr. er tilgreint og þegar drög að skýrslu um mat á umhverfisáhrifum hafa verið gerð skv. 33. gr., áður en ákvörðun er tekin um hvort veita eigi leyfi fyrir starfseminni.
2. Ákvarða skal þau ríki sem hugsanlega verða fyrir mestum áhrifum með hliðsjón af eðli og hugsanlegum áhrifum af fyrirhugaðri starfsemi á umhverfi hafsins og meðal þeirra skulu vera:
 - a) strandríki þar sem raunhæft er að líta svo á að starfsemin hafi áhrif á beitingu fullveldisréttinda þeirra við rannsóknir, hagnýtingu, verndun eða stjórnun náttúruauðlinda,
 - b) ríki sem sinna mannlegum athöfnum á svæði fyrirhuguðu starfseminnar, þ.m.t. atvinnu-starfsemi, sem raunhæft er að líta svo á að verði fyrir áhrifum.
 3. Meðal hagsmunaaðila í þessu ferli eru frumbyggjar og nærsamfélög sem búa yfir viðeigandi hefðbundinni þekkingu, viðeigandi alþjóðlegar, svæðisbundnar, undirsvæðisbundnar eða sviðsbundnar stofnanir, borgaralegt samfélag, vísindasamfélagið og almenningur.
 4. Opinber tilkynning og samráð, í samræmi við 3. mgr. 48. gr., skulu taka til allra og vera gagnsæ, fara fram tímanlega og vera markviss og framvirk þegar í hlut eiga þróunarríki sem eru lítil eyríki.
 5. Taka skal tillit til efnislegra athugasemda sem berast meðan á samráðsferlinu stendur, þ.m.t. frá aðliggjandi strandríkjum og öðrum ríkjum sem liggja að fyrirhugaðri starfsemi ef þau verða hugsanlega fyrir mestum áhrifum, og samningsaðilarnir skulu svara þeim eða taka þær til umfjöllunar. Samningsaðilarnir skulu taka sérstakt tillit til athugasemda varðandi hugsanleg áhrif á svæðum innan lögsögu ríkja og veita skrifleg svör, eftir því sem við á, þar sem sérstaklega er fjallað um slíkar athugasemdir, þ.m.t. að því er varðar hvers konar viðbótarráðstafanir sem ætlað er að taka á þessum hugsanlegu áhrifum. Samningsaðilarnir skulu birta opinberlega athugasemdirnar sem þeim berast og svörin eða lýsingarnar á því með hvaða hætti fjallað var um þær.
 6. Ef fyrirhuguð starfsemi hefur áhrif á svæði á úthafi sem eru algerlega umkringd sérefnahagslögsögum ríkja skulu samningsaðilarnir:
 - a) ráðast í markvisst og framvirktt samráð við slík umlykjandi ríki, þ.m.t. fyrirframtilkynningar,
 - b) taka tillit til sjónarmiða og athugasemda þessara ríkja sem umlykja svæðið varðandi fyrirhugaða starfsemi og veita skrifleg svör þar sem sérstaklega er fjallað um slík sjónarmið og athugasemdir og, eftir því sem við á, endurskoða fyrirhugaða starfsemi til samræmis við það.
 7. Samningsaðilarnir skulu tryggja aðgang að upplýsingum sem tengjast ferli vegna mats á umhverfisáhrifum samkvæmt þessum samningi. Þrátt fyrir þetta skal samningsaðilunum ekki vera skylt að láta í té trúnaðarupplýsingar eða upplýsingar sem á er einkaréttur. Hafi trúnaðarupplýsingar eða upplýsingar sem á er einkaréttur verið afmáðar skal það koma fram í opinberum skjölum.

33. gr.

Skýrslur um mat á umhverfisáhrifum

1. Samningsaðilarnir skulu tryggja að skýrsla um mat á umhverfisáhrifum sé samin eftir hvert slíkt mat sem fram fer samkvæmt þessum hluta.
2. Skýrsla um mat á umhverfisáhrifum skal að lágmarki innihalda eftirfarandi upplýsingar: lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi, þ.m.t. staðsetningu hennar; lýsingu á niðurstöðu skilgreiningar á umfangi; mat á grunnástandi umhverfis hafsins sem er líklegt að verði fyrir áhrifum; lýsingu á hugsanlegum áhrifum, þ.m.t. mögulegum samlegðaráhrifum og hvers konar áhrifum á svæðum innan lögsögu ríkja; lýsingu á hugsanlegum ráðstöfunum til forvarna, mildunar og stýringar; lýsingu á óvissupáttum og eyðum í þekkingu; upplýsingar um opinbert samráðsferli; lýsingu á athugunum á raunhæfum valkostum í stað fyrirhugaðrar starfsemi; lýsingu á eftirfylgniaðgerðum, þ.m.t. umhverfisstjórnunaráætlun; og samantekt sem ekki er á tæknimáli.
3. Samningsaðilinn skal gera drög að skýrslu um mat á umhverfisáhrifum aðgengilega í upplýsingamiðlunarkerfinu meðan á opinbera samráðsferlinu stendur til að gefa vísinda- og tækninefndinni færi á að fjalla um og gera úttekt á skýrslunni.
4. Vísinda- og tækninefndin getur sent aðila athugasemdir, eftir því sem við á og með tímanlegum hætti, varðandi drögin að skýrslunni um mat á umhverfisáhrifum. Samningsaðilinn skal taka tillit til athugasemda frá vísinda- og tækninefndinni.

5. Samningsaðilarnir skulu birta skýrslurnar um mat á umhverfisáhrifum, þ.m.t. í gegnum upplýsingamiðlunarkerfið. Skrifstofan skal tryggja að allir samningsaðilar fái tilkynningar tímanlega þegar skýrslur eru birtar í upplýsingamiðlunarkerfinu.
6. Vísinda- og tækninefndin skal taka tillit til lokaskýrslna um mat á umhverfisáhrifum á grundvelli viðeigandi starfsvenja, verklagsreglna og þekkingar samkvæmt þessum samningi, í þeim tilgangi að þróa viðmiðunarreglur, þ.m.t. tilgreina bestu starfsvenjur.
7. Úrval birtra upplýsinga sem notaðar voru í skoðunarferlinu til að taka ákvarðanir um hvort framkvæma skyldi mat á umhverfisáhrifum, í samræmi við 30. og 31. gr., skal tekið til athugunar og yfirferðar af vísinda- og tækninefndinni, á grundvelli viðeigandi starfsvenja, verklagsreglna og þekkingar samkvæmt þessum samningi, í þeim tilgangi að þróa viðmiðunarreglur, þ.m.t. tilgreina bestu starfsvenjur.

34. gr.

Ákvarðanataka.

1. Samningsaðili sem hefur lögsögu eða stjórn yfir fyrirhugaðri starfsemi skal bera ábyrgð á því að ákvarða hvort henni skuli haldið áfram.
2. Þegar ákvarðað er hvort halda megi áfram fyrirhugaðri starfsemi samkvæmt þessum hluta skal taka fullt tillit til mats á umhverfisáhrifum sem framkvæmt er í samræmi við þennan hluta. Ákvörðun um að veita leyfi fyrir fyrirhugaðri starfsemi í lögsögu eða undir stjórn samningsaðila skal aðeins tekin þegar aðilinn hefur, að teknu tilliti til mildunar- eða stýringarráðstafana, gengið úr skugga um að hann hafi gert allar eðlilegar ráðstafanir til að tryggja að unnt sé að stunda starfsemina í samræmi við forvarnir gegn umtalsverðum neikvæðum áhrifum á umhverfi hafsins.
3. Í skjölum varðandi ákvarðanir skal setja skýrt fram öll skilyrði fyrir samþykki sem tengjast mildunarráðstöfunum og kröfum um eftirfylgni. Skjöl varðandi ákvarðanir skulu gerð opinber, þ.m.t. í upplýsingamiðlunarkerfinu.
4. Að beiðni samningsaðila getur ráðstefna samningsaðilanna veitt honum ráðgjöf og aðstoð við að ákvarða hvort halda megi áfram fyrirhugaðri starfsemi sem fellur undir lögsögu hans eða stjórn.

35. gr.

Vöktun áhrifa af leyfðri starfsemi.

Samningsaðilarnir skulu, með því að nota bestu fánlegu vísindi og vísindaupplýsingar og, þar sem hún liggur fyrir, viðeigandi hefðbundna þekkingu frumbyggja og nærsamfélaga, hafa eftirlit með áhrifum af hvers kyns starfsemi á svæðum utan lögsögu ríkja, sem þeir leyfa eða stunda, til að ákvarða hvort líklegt sé að þessi starfsemi mengi eða hafi neikvæð áhrif á umhverfi hafsins. Sérhver samningsaðili skal einkum vakta umhverfisáhrif og hvers kyns tengd áhrif, s.s. efnahagsleg, félagsleg og menningarleg áhrif og áhrif á heilbrigði manna, af leyfðri starfsemi í lögsögu eða undir stjórn þeirra, í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í samþykki fyrir starfseminni.

36. gr.

Skýrslugjöf um áhrif af leyfðri starfsemi.

1. Samningsaðilarnir skulu, hvort sem þeir starfa hver fyrir sig eða í sameiningu, gefa reglulega skýrslu um áhrif af leyfðri starfsemi og niðurstöður vöktunar sem krafist er skv. 35. gr.
2. Vöktunarskýrslur skulu gerðar opinberar, þ.m.t. í upplýsingamiðlunarkerfinu, og vísinda- og tækninefndin getur fjallað um og lagt mat á þær.
3. Vísinda- og tækninefndin skal taka tillit til vöktunarskýrslna á grundvelli viðeigandi starfsvenja, verklagsreglna og þekkingar samkvæmt þessum samningi í þeim tilgangi að þróa viðmiðunarreglur um vöktun áhrifa af leyfðri starfsemi, þ.m.t. tilgreining bestu starfsvenja.

37. gr.

Endurskoðun á leyfðri starfsemi og áhrifum af henni.

1. Samningsaðilarnir skulu tryggja að áhrif af leyfðri starfsemi, sem er vöktuð skv. 35. gr., verði endurskoðuð.

2. Ef samningsaðilinn, sem hefur lögsögu eða stjórn yfir starfseminni, greinir umtalsverð neikvæð áhrif sem voru annaðhvort ekki fyrirséð í mati á umhverfisáhrifum, í eðli eða alvarleika, eða stafa af því að ekki hefur verið farið að einhverjum þeim skilyrðum sem sett eru fram í leyfinu fyrir starfseminni, skal hann endurskoða ákvörðun sína um að leyfa starfsemina, tilkynna ráðstefnu samningsaðilanna, öðrum aðilum og almenningi um það, þ.m.t. í upplýsingamiðlunarkerfinu, og:
 - a) krefjast þess að gerðar séu tillögur að ráðstöfunum og að þeim verði hrundið í framkvæmd til að koma í veg fyrir, milda og/eða stýra þessum áhrifum eða grípa til annarra nauðsynlegra aðgerða og/eða stöðva starfsemina, eftir því sem við á, og
 - b) meta tímanlega allar ráðstafanir sem framkvæmdar eru eða aðgerðir sem gripið er til samkvæmt a-lið hér að framan.
3. Vísinda- og tækninefndin getur, á grundvelli skýrslna sem berast skv. 36. gr., tilkynnt samningsaðilanum sem veitti leyfi fyrir starfseminni um það ef hún telur að starfsemin kunni að hafa umtalsverð neikvæð áhrif sem voru annaðhvort ekki fyrirséð í matinu á umhverfisáhrifum eða stafa af því að ekki hefur verið farið að skilyrðum leyfisveitingar fyrir starfseminni og getur, eftir því sem við á, beint tilmælum til samningsaðilans.
4.
 - a) Samningsaðili getur, á grundvelli bestu fánlegu vísinda og vísindaþekkingar og, þar sem hún liggur fyrir, viðeigandi hefðbundinnar þekkingar frumbyggja og nærsamfélaga, komið áhyggjum sínum á framfæri við þann samningsaðila sem leyfði starfsemina og vísinda- og tækninefndina yfir því leyfð starfsemi geti haft umtalsverð neikvæð áhrif sem voru annaðhvort ekki fyrirséð í matinu á umhverfisáhrifum, í eðli eða alvarleika, eða stafa af því að ekki hefur verið farið að skilyrðum leyfisveitingar fyrir starfseminni.
 - b) Samningsaðilinn sem veitti leyfi fyrir starfseminni skal taka slík áhyggjuefni til athugunar.
 - c) Að lokinni umfjöllun um þau áhyggjuefni sem samningsaðili hefur komið á framfæri skal vísinda- og tækninefndin taka málið til athugunar og getur metið það á grundvelli bestu fánlegu vísinda og vísindaupplýsinga og, þar sem hún liggur fyrir, viðeigandi hefðbundinnar þekkingar frumbyggja og nærsamfélaga og getur tilkynnt þeim samningsaðila sem veitti leyfi fyrir starfseminni um það ef hún telur að slík starfsemi kunni að hafa umtalsverð neikvæð áhrif, sem annaðhvort voru ekki fyrirséð í matinu á umhverfisáhrifum eða stafa af því að ekki hefur verið farið að skilyrðum fyrir leyfisveitingu fyrir starfseminni, og getur, eftir að hafa gefið þeim samningsaðila tækifæri til að bregðast við þeim áhyggjum sem komið hefur verið á framfæri og að teknu tilliti til slíkra viðbragða og eftir því sem við á, beint tilmælum til samningsaðilans sem veitti leyfi fyrir starfseminni.
 - d) Gera skal áhyggjuefni sem komið hefur verið á framfæri, útgefnar tilkynningar og tilmæli vísinda- og tækninefndarinnar aðgengileg öllum, m.a. í gegnum upplýsingamiðlunarkerfið.
 - e) Samningsaðilinn sem veitti leyfi fyrir starfseminni skal taka til athugunar hvers kyns tilkynningar sem gefnar hafa verið út og hvers kyns tilmæli sem vísinda- og tækninefndin hefur gefið út.
5. Upplýsa skal öll ríki, einkum aðliggjandi strandríki og önnur ríki sem liggja að starfseminni þegar um er að ræða ríki sem verða hugsanlega fyrir mestum áhrifum, og hagsmunaaðila í gegnum upplýsingamiðlunarkerfið og hægt er að hafa samráð við þau í ferlum er varða vöktun, skýrslugjöf og endurskoðun vegna starfsemi sem gefið hefur verið leyfi fyrir samkvæmt þessum samningi.
6. Samningsaðilarnir skulu birta, m.a. í gegnum upplýsingamiðlunarkerfið:
 - a) skýrslur um endurskoðun á áhrifum af starfseminni sem leyfi hefur verið veitt fyrir,
 - b) skjöl er varða ákvarðanir, m.a. skrá yfir ástæður ákvörðunar samningsaðilans, þegar samningsaðili hefur breytt ákvörðun sinni um að leyfa starfsemina.

38. gr.

Staðlar og/eða viðmiðunarreglur sem vísinda- og tækninefndin þróar í tengslum við mat á umhverfisáhrifum.

1. Vísinda- og tækninefndin skal þróa staðla eða viðmiðunarreglur sem lagðar eru fyrir ráðstefnu samningsaðilanna til umfjöllunar og samþykktar og varða:
 - a) ákvörðun á því hvort viðmiðunarmörkum vegna skoðunar eða mats á umhverfisáhrifum skv. 30. gr. hafi verið náð eða hvort farið hefur verið fram yfir þau mörk að því er varðar fyrir-

- hugaða starfsemi, þ.m.t. á grundvelli þátta sem ekki eru tæmandi og settir eru fram í 2. mgr. þeirrar greinar,
- b) mat á samlegðaráhrifum á svæðum utan lögsögu ríkja og hvernig taka skuli tillit til þessara áhrifa í ferli vegna mats á umhverfisáhrifum,
 - c) mat á áhrifum, á svæðum innan lögsögu ríkja, af fyrirhugaðri starfsemi á svæðum utan lögsögu ríkja og hvernig taka skuli tillit til þessara áhrifa í ferli vegna mats á umhverfisáhrifum,
 - d) opinbera tilkynningar- og samráðsferlið skv. 32. gr., þ.m.t. ákvörðun á því hvað teljist vera trúnaðarupplýsingar eða upplýsingar sem á er einkaréttur,
 - e) skyldubundið innihald skýrslna um mat á umhverfisáhrifum og birtar upplýsingar sem notaðar eru í skoðunarferlinu skv. 33. gr., þ.m.t. bestu starfsvenjur,
 - f) vöktun og skýrslugjöf um áhrif af leyfðri starfsemi eins og sett er fram í 35. og 36. gr., þ.m.t. tilgreining bestu starfsvenja,
 - g) framkvæmd umhverfismats áætlana.
2. Vísinda- og tækninefndin getur einnig þróað staðla og viðmiðunarreglur fyrir ráðstefnu samningsaðilanna til umfjöllunar og samþykktar, þ.m.t. varðandi:
- a) viðmiðunarskrá, sem ekki er tæmandi, yfir starfsemi þar sem mats á umhverfisáhrifum er krafist eða ekki, auk allra viðmiðana sem tengjast þeirri starfsemi, og skal hún uppfærð reglulega,
 - b) framkvæmd mats á umhverfisáhrifum af hálfu samningsaðila að þessum samningi á svæðum sem tilgreind hafa verið sem svæði þar sem talin er þörf á verndun eða sérstakri aðgát.
3. Sérhver staðall skal settur í viðauka við þennan samning skv. 74. gr.

39. gr.

Umhverfismat áætlana.

1. Samningsaðilarnir skulu, hver fyrir sig eða í samvinnu við aðra samningsaðila, taka til skoðunar hvort framkvæma skuli umhverfismat áætlana fyrir skipulag og áætlanir, sem tengjast starfsemi í lögsögu eða undir stjórn þeirra á svæðum utan lögsögu ríkja, í því skyni að meta möguleg áhrif slíks skipulags eða áætlana á umhverfi hafsins, sem og annarra valkosta.
2. Ráðstefna samningsaðilanna getur unnið umhverfismat áætlana fyrir svæði (e. area or region) til að safna saman og samtvinna bestu fánlegu upplýsingar um svæðið eða landsvæðið, meta núverandi og hugsanleg framtíðaráhrif og greina eyður í gögnum og forgangsöröðun í rannsóknnum.
3. Þegar samningsaðilarnir framkvæma mat á umhverfisáhrifum samkvæmt þessum hluta skulu þeir taka tillit til niðurstaðna úr viðeigandi umhverfismati áætlana sem unnið er skv. 1. og 2. mgr. hér að framan, ef þær liggja fyrir.
4. Ráðstefna samningsaðilanna skal semja leiðbeiningar um framkvæmd hvers flokks umhverfismats áætlana sem lýst er í þessari grein.

V. HLUTI

UPPBYGGING Á GETU OG MIÐLUN HAFTÆKNI

40. gr.

Markmið.

Markmið þessa hluta eru:

- a) að aðstoða samningsaðila, einkum samningsaðila sem eru þróunarríki, við framkvæmd ákvæða þessa samnings til að ná markmiðum hans,
- b) að stuðla að réttlátri og skilvirkri samvinnu fyrir alla og þátttöku í þeirri starfsemi sem fer fram samkvæmt þessum samningi,
- c) að þróa hafvísinda- og tæknikunnáttu samningsaðilanna, m.a. að því er varðar rannsóknir, einkum samningsaðila sem eru þróunarríki, að því er varðar verndun og sjálfbæra nýtingu á líffræðilegri fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja, þ.m.t. með aðgangi samningsaðila sem eru þróunarríki að haftækni og miðlun haftækni til þeirra,
- d) að auka, dreifa og deila þekkingu um verndun og sjálfbæra nýtingu á líffræðilegri fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja,

- e) nánar tiltekið að styðja samningsaðila sem eru þróunarríki, einkum lönd sem eru skemmst á veg komin í þróun, landlukt þróunarlönd, landfræðilega afskipt ríki, þróunarríki sem eru lítil eyríki, strandríki Afríku, eyjaklasaríki og millitekjupróunarlönd, með uppbyggingu á getu og þróun og miðlun haftækni samkvæmt þessum samningi, við að ná þeim markmiðum er varða:
- erfðaaauðlindir sjávar, þ.m.t. deilingu ávinnings, eins og fram kemur í 9. gr.,
 - ráðstafanir eins og svæðisbundin stjórnunarúrræði, þ.m.t. vernduð hafsvæði, eins og fram kemur í 17. gr.,
 - mat á umhverfisáhrifum, eins og fram kemur í 27. gr.

41. gr.

Samvinna við uppbyggingu á getu og miðlun haftækni.

- Samningsaðilarnir skulu starfa saman, annaðhvort með beinum hætti eða innan viðeigandi lagagerninga og -ramma og viðeigandi alþjóðlegra, svæðisbundinna, undirsvæðisbundinna og sviðsbundinna stofnana, að því að aðstoða samningsaðila, einkum samningsaðila sem eru þróunarríki, við að ná markmiðum þessa samnings með því að byggja upp getu og þróa og miðla hafvísindum og haftækni.
- Þegar samningsaðilar annast uppbyggingu á getu og miðlun haftækni samkvæmt þessum samningi skulu þeir starfa saman á öllum stigum og í öllum myndum, þ.m.t. með samstarfi við og með þátttöku allra viðkomandi hagsmunaaðila, s.s., eftir því sem við á, einkageirans, borgaralegs samfélags og frumbyggja og nærsamfélaga sem búa yfir hefðbundinni þekkingu, sem og með því að efla samvinnu og samræmingu milli viðeigandi lagagerninga og -ramma og viðeigandi alþjóðlegra, svæðisbundinna, undirsvæðisbundinna og sviðsbundinna stofnana.
- Þegar samningsaðilarnir hrinda þessum hluta í framkvæmd skulu þeir viðurkenna að fullu sérþarfir samningsaðila sem eru þróunarríki, einkum þeirra landa sem eru skemmst á veg komin í þróun, landluktra þróunarlanda, landfræðilega afskiptra ríkja, þróunarríkja sem eru lítil eyríki, strandríkja Afríku, eyjaklasaríkja og millitekjupróunarlanda. Samningsaðilarnir skulu tryggja að uppbygging á getu og miðlun haftækni sé ekki háð íþyngjandi skýrslugjafarkröfum.

42. gr.

Fyrirkomulag uppbyggingar á getu og miðlunar haftækni.

- Samningsaðilarnir skulu, eftir getu sinni, tryggja uppbyggingu á getu hjá samningsaðilum sem eru þróunarríki og skulu starfa saman að því að miðla haftækni, einkum til samningsaðila sem eru þróunarríki, sem þurfa á henni að halda og fara fram á hana, með tilliti til sérstakra aðstæðna þróunarríkja sem eru lítil eyríki og landa sem eru skemmst á veg komin í þróun, í samræmi við ákvæði þessa samnings.
- Samningsaðilarnir skulu, eftir getu sinni, láta í té tilföng til að styðja við uppbyggingu á getu og þróun og miðlun haftækni og auðvelda aðgang að öðrum stuðningsleiðum, að teknu tilliti til stefnu, forgangs-röðunar, skipulags og áætlana hvers ríkis um sig.
- Uppbygging á getu og miðlun haftækni ætti að vera landsmiðað, gagnsætt, skilvirkt og endurtekið ferli sem byggist á þátttöku, er þverlægt og tekur tillit til kynjasjónarmiða. Slíkt skal byggjast á, eftir því sem við á, fyrirliggjandi áætlunum, en ekki tvítaka þær heldur læra af fyrri framkvæmd, þ.m.t. af starfsemi við uppbyggingu á getu og miðlun haftækni innan viðeigandi lagagerninga og -ramma og viðeigandi alþjóðlegra, svæðisbundinna, undirsvæðisbundinna og sviðsbundinna stofnana. Við þetta skal, eftir því sem unnt er, taka tillit til þessarar starfsemi með það í huga að ná sem mestri skilvirkni og árangri.
- Uppbygging á getu og miðlun haftækni skal byggjast á og geta brugðist við þörfum og forgangsmálum samningsaðila sem eru þróunarríki, að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna þróunarríkja sem eru lítil eyríki og þeirra landa sem eru skemmst á veg komin í þróun, sem tilgreind eru með mati á þörf í hverju tilviki fyrir sig, á undirsvæðum eða innan svæða. Nefnd um uppbyggingu á getu og miðlun haftækni getur, ásamt upplýsingamiðlunarakerfinu, sjálf metið slíkar þarfir og forgangsatriði og liðkað fyrir þeim.

43. gr.

Viðbótarfyrirkomulag vegna miðlunar haftækni.

1. Samningsaðilar deila langtímasýn um mikilvægi þess að nýta til fullnustu tækniþróun og miðlun fyrir sanngjarna og skilvirka samvinnu fyrir alla og þátttöku í þeirri starfsemi sem fram fer samkvæmt þessum samningi og þannig að markmiðum hans sé náð að fullu.
2. Miðlun haftækni samkvæmt þessum samningi skal fara fram með sanngjörnum skilmálum og þeim hagstæðustu sem völ er á, þ.m.t. með ívilnandi skilmálum og fríðindaskilmálum, og í samræmi við skilmála og skilyrði sem gagnkvæm sátt er um, sem og markmið samnings þessa.
3. Samningsaðilarnir skulu stuðla að og hvetja til efnahagslegra og lagalegra skilyrða varðandi miðlun haftækni til samningsaðila sem eru þróunarríki, með tilliti til sérstakra aðstæðna hjá þróunarríkjum sem eru lítil eyríki og löndum sem eru skemmst á veg komin í þróun, sem getur falið í sér hvata til fyrirtækja og stofnana.
4. Við miðlun haftækni skal taka tillit til allra réttinda varðandi slíka tækni og taka tilhlýðilegt tillit til allra lögmætra hagsmuna, m.a. réttinda og skyldna handhafa, birgja og viðtakenda haftækni og taka sérstakt tillit til hagsmuna og þarfa þróunarríkja við að ná markmiðum þessa samnings.
5. Haftækni sem er miðlað samkvæmt þessum hluta skal vera tilhlýðileg, viðeigandi og, að því marki sem mögulegt er, áreiðanleg, á viðráðanlegu verði, uppfærð, umhverfisvæn og tiltæk á aðgengilegu formi fyrir samningsaðila sem eru þróunarríki, að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna þróunaríkjanna sem eru lítil eyríki og þeirra landa sem eru skemmst á veg komin í þróun.

44. gr.

Tegundir uppbyggingar á getu og miðlunar haftækni.

1. Til stuðnings markmiðunum, sem sett eru fram í 40. gr., geta tegundir uppbyggingar á getu og miðlunar haftækni falið í sér, en takmarkast þó ekki við, stuðning við að skapa eða bæta mannauð, fjármálastjórnun, vísindalega, tæknilega, skipulagslega, stofnanalega og aðra getu samningsaðilanna, s.s.:
 - a) samnýtingu og notkun viðeigandi gagna, upplýsinga, þekkingar og niðurstaðna rannsókna,
 - b) miðlun upplýsinga og vitundarvakningu, þ.m.t. að því er varðar viðeigandi hefðbundna þekkingu frumbyggja og nærsamfélaga, í samræmi við frjálst, fyrirframgefið og upplýst samþykki þessara frumbyggja og, eftir því sem við á, nærsamfélaga,
 - c) þróun og styrkingu viðeigandi innviða, þ.m.t. búnaðar og getu starfsfólks til að nota hann og viðhalda honum,
 - d) þróun og eflingu stofnanagetu og landsbundinna regluramma eða kerfa,
 - e) þróun og eflingu á getu á sviði mannauðs og fjármálastjórnunar og tæknilegri sérfræðikunnáttu í gegnum skipti, rannsóknarsamstarf, tæknilega stoðþjónustu, menntun og þjálfun og miðlun haftækni,
 - f) þróun og miðlun handbóka, viðmiðunarreglna og staðla,
 - g) þróun tækni-, vísinda- og rannsókna- og þróunaráætlana,
 - h) þróun og eflingu getu og tæknilegra tóla til skilvirkrar vöktunar og eftirlits með starfsemi innan gildissviðs þessa samnings.
2. Nánari útfærsluatriði varðandi tegundir uppbyggingar á getu og miðlunar haftækni, sem tilgreindar eru í þessari grein, eru útfærð í II. viðauka.
3. Ráðstefna samningsaðilanna skal, með hliðsjón af tillögum nefndarinnar um uppbyggingu á getu og miðlun á haftækni, með reglubundnum hætti, eftir því sem þörf krefur, endurskoða, meta og þróa frekar og veita leiðbeiningar um viðmiðunarskrá, sem er ekki tæmandi, yfir tegundir uppbyggingar á getu og miðlunar á haftækni, sem útfærðar eru í II. viðauka, til að endurspeglar tækniframfarir og nýsköpun og til að bregðast við og aðlagast sig að því hvernig þarfir ríkja, undirsvæða og svæða þróast.

45. gr.

Vöktun og endurskoðun.

1. Uppbygging á getu og miðlun haftækni, sem á sér stað í samræmi við ákvæði þessa hluta, skal háð vöktun og reglulegri endurskoðun.

2. Nefnd um uppbyggingu á getu og miðlun haftækni skal annast þá vöktun og endurskoðun, sem um getur í 1. mgr. hér að framan, undir stjórn ráðstefnu samningsaðilanna og skal miða að því að:
 - a) meta og endurskoða þarfir og forgangsmál samningsaðila sem eru þróunarriki með tilliti til uppbyggingar á getu og miðlunar haftækni, með sérstakri áherslu á sérþarfir samningsaðila sem eru þróunarriki og sérstakar aðstæður þróunarriksja sem eru lítil eyríki og landa sem eru skemmt á veg komin í þróun, í samræmi við 4. mgr. 42. gr.,
 - b) endurskoða nauðsynlegan, veittan og virkjaðan stuðning, sem og eyður í því að mæta metnum þörfum samningsaðila sem eru þróunarriki í tengslum við þennan samning,
 - c) greina og virkja fjármuni innan ramma fjármálakerfisins sem komið er á fót skv. 52. gr. til að þróa og koma í framkvæmd uppbyggingu á getu og miðlun haftækni, þ.m.t. vegna framkvæmdar á þarfagreiningu,
 - d) mæla árangur á grundvelli samþykktra vísa og endurskoða greiningar sem byggjast á niðurstöðum, þ.m.t. um afköst, afrakstur, framvindu og skilvirkni uppbyggingar á getu og miðlunar haftækni samkvæmt þessum samningi, sem og árangur og áskoranir,
 - e) leggja fram ráðleggingar um eftirfylgniaðgerðir, þ.m.t. hvernig hægt verði að efla enn frekar uppbyggingu á getu og miðlun haftækni til að gera samningsaðilum sem eru þróunarriki kleift, að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna þróunarriksja sem eru lítil eyríki og þeirra landa sem eru skemmt á veg komin í þróun, að styrkja framkvæmd samningsins til að ná markmiðum hans.
3. Samningsaðilarnir skulu, til að styðja við vöktun og endurskoðun á uppbyggingu á getu og miðlun haftækni, leggja skýrslur fyrir nefndina um uppbyggingu á getu og miðlun haftækni. Þessar skýrslur ættu að vera á því formi og með þeirri tíðni sem ráðstefna samningsaðilanna ákveður, að teknu tilliti til tilmæla frá nefndinni um uppbyggingu á getu og miðlun haftækni. Þegar samningsaðilarnir leggja fram skýrslur sínar skulu þeir taka, eftir atvikum, tillit til innleggs frá svæðisbundnum stofnunum og undirsvæðisstofnunum varðandi uppbyggingu á getu og miðlun haftækni. Skýrslurnar sem samningsaðilarnir leggja fram, sem og hvers kyns innlegg frá svæðisbundnum stofnunum og undirsvæðisstofnunum varðandi uppbyggingu á getu og miðlun haftækni, ættu að gera aðgengilegar öllum. Ráðstefna samningsaðilanna skal sjá til þess að skýrslugjafar kröfur verði einfaldaðar og ekki íþyngjandi, einkum fyrir samningsaðila sem eru þróunarriki, þ.m.t. að því er varðar kostnað og kröfur tengdar tímasetningu.

46. gr.

Nefnd um uppbyggingu á getu og miðlun haftækni.

1. Hér með er nefnd um uppbyggingu á getu og miðlun haftækni komið á fót.
2. Nefndin skal skipuð nefndarmönnum, sem búa yfir viðeigandi hæfi og sérþekkingu til að vinna á hlutlægan hátt í þágu samningsins, sem samningsaðilar tilnefna og kosnir eru af ráðstefnu samningsaðilanna þar sem höfð er hliðsjón af jöfnu hlutfalli kynjanna og réttlátri landfræðilegri dreifingu og gert ráð fyrir að lönd sem eru skemmt á veg komin í þróun, þróunarriki sem eru lítil eyríki og landlukt þróunarlönd eigi fulltrúa í nefndinni. Ráðstefna samningsaðilanna skal ákveða starfsskilmála og fyrirkomulag á starfsemi nefndarinnar á fyrsta fundi hennar.
3. Nefndin skal leggja fram skýrslur og tilmæli sem ráðstefna samningsaðilanna skal taka til athugunar og mynda grundvöll aðgerða hennar, eftir því sem við á.

VI. HLUTI

STOFNANAFYRIRKOMULAG

47. gr.

Ráðstefna samningsaðilanna.

1. Hér með er ráðstefnu samningsaðilanna komið á fót.
2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal boða til fyrsta fundar ráðstefnu samningsaðilanna eigi síðar en ári eftir gildistöku þessa samnings. Eftir það skulu almennir fundir ráðstefnu samningsaðilanna haldnir með reglulegu millibili sem ráðstefnan ákveður. Heimilt er að halda aukafundi ráðstefnu samningsaðilanna á öðrum tímum í samræmi við verklagsreglur.
3. Ráðstefna samningsaðilanna skal almennt koma saman þar sem skrifstofan hefur aðsetur eða í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna.

4. Ráðstefna samningsaðilanna skal samþykkja samhljóða á fyrsta fundi sínum verklagsreglur fyrir sig og undirstofnanir sínar, fjárhagsreglur sem gilda um fjármögnun þeirra og fjármögnun skrifstofunnar og allra undirstofnana og eftir það verklagsreglur og fjárhagsreglur fyrir allar aðrar undirstofnanir sem hún kann að koma á fót. Þar til verklagsreglur hafa verið samþykktar gilda verklagsreglur ríksráðstefnunnar um lagalega bindandi alþjóðlegan gerning undir hafréttar-samningi Sameinuðu þjóðanna um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja.
5. Ráðstefna samningsaðilanna skal leitast við af fremsta megni að samþykkja ákvarðanir og tilmæli með samhljóða samþykki. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum samningi og allar tilraunir til að ná samhljóða samþykki hafa reynst árangurslausar skal samþykkja ákvarðanir og tilmæli ráðstefnu samningsaðilanna um efnisleg álitafni með meirihluta sem nemur tveimur þriðju hlutum atkvæða þeirra samningsaðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði og skal samþykkja ákvarðanir um málsmeðferð með meirihluta þeirra samningsaðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði.
6. Ráðstefna samningsaðilanna skal endurskoða og meta framkvæmd þessa samnings og skal í því skyni:
 - a) samþykkja ákvarðanir og tilmæli í tengslum við framkvæmd þessa samnings,
 - b) endurskoða og greiða fyrir upplýsingaskiptum milli samningsaðila sem framkvæmd þessa samnings varðar,
 - c) stuðla, m.a. með því að koma á viðeigandi ferlum, að samvinnu og samræmingu við og milli viðeigandi lagagerninga og -ramma og viðeigandi alþjóðlegra, svæðisbundinna, undirsvæðisbundinna og sviðsbundinna stofnana, með það í huga að stuðla að samræmi milli viðleitni til verndunar og sjálfbærrar nýtingar líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja,
 - d) koma á fót þeim undirstofnunum sem taldar eru nauðsynlegar til að styðja við framkvæmd þessa samnings,
 - e) samþykkja fjárhagsáætlun með þremur fjórðu hlutum atkvæða þeirra samningsaðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði ef allar tilraunir til að ná samhljóða samþykki hafa reynst árangurslausar, með þeirri tíðni og fyrir það fjárhagstímabil sem hún ákveður,
 - f) takast á hendur önnur verkefni sem eru tilgreind í þessum samningi eða eins og kann að verða krafist vegna framkvæmdar hans.
7. Ráðstefna samningsaðilanna getur ákveðið að fara fram á það við Alþjóðlega hafréttardóminn að hann veiti ráðgefandi álit varðandi lagalegt álitamál um það hvort tillaga, sem liggur fyrir ráðstefnu samningsaðilanna um hvert það mál sem fellur undir valdsvið hans, samrýmist þessum samningi. Ekki skal leita eftir ráðgefandi áliti um málefni sem fellur undir valdsvið annarra alþjóðlegra, svæðisbundinna, undirsvæðisbundinna og sviðsbundinna stofnana eða um málefni sem krefjast þess að samtímis séu teknar til umfjöllunar deilur varðandi fullveldi eða önnur réttindi yfir landsvæði meginlands eða eyja eða kröfu um slíkt, eða réttarstöðu svæðis innan lögsögu ríkis. Í beiðninni skal tilgreina umfang þess lagalega álitamáls sem leitað er ráðgefandi álits um. Ráðstefna samningsaðilanna getur farið fram á að slíkt álit sé veitt sem fyrst.
8. Ráðstefna samningsaðilanna skal, innan fimm ára frá gildistöku þessa samnings og eftir það með millibili sem hún ákveður, meta og endurskoða hvort ákvæði samningsins séu fullnægjandi og skilvirk og, ef nauðsyn krefur, leggja til leiðir til að styrkja framkvæmd þessara ákvæða til að taka betur á verndun og sjálfbærri nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja.

48. gr.

Gagnsæi.

1. Ráðstefna samningsaðilanna skal stuðla að gagnsæi við ákvarðanatöku og í annarri starfsemi sem fram fer samkvæmt þessum samningi.
2. Allir fundir ráðstefnu samningsaðilanna og undirstofnana hennar skulu vera opnir áheyrnarfulltrúum sem taka þátt í samræmi við verklagsreglur nema ráðstefna samningsaðilanna ákveði annað. Ráðstefna samningsaðilanna skal birta og halda opinbera skrá yfir ákvarðanir sínar.

3. Ráðstefna samningsaðilanna skal stuðla að gagnsæi við framkvæmd þessa samnings, m.a. með opinberri miðlun upplýsinga og með því að greiða fyrir þátttöku og samráði við viðeigandi alþjóðlegar, svæðisbundnar, undirsvæðisbundnar eða sviðsbundnar stofnanir, frumbyggja og nærsamfélög með viðeigandi hefðbundna þekkingu, vísindasamfélagið, borgaralegt samfélag og aðra viðeigandi hagsmunaaðila, eftir því sem við á og í samræmi við ákvæði þessa samnings.
4. Fulltrúar ríkja, sem ekki eru aðilar að þessum samningi, viðeigandi alþjóðlegra, svæðisbundinna, undirsvæðisbundinna og sviðsbundinna stofnana, frumbyggja og nærsamfélaga með viðeigandi hefðbundna þekkingu, vísindasamfélagsins, borgaralegs samfélags og annarra viðeigandi hagsmunaaðila sem eiga hagsmuna að gæta í málefnum sem varða ráðstefnu samningsaðilanna geta óskað eftir því að eiga áheyrnarfulltrúa á fundum ráðstefnu samningsaðilanna og hjá undirstofnunum hennar. Verklagsreglur ráðstefnu samningsaðilanna skulu kveða á um fyrirkomulag slíkrar þátttöku og skulu ekki vera óþarflega takmarkandi að því er þetta varðar. Í verklagsreglunum skal einnig kveða á um að slíkir fulltrúar hafi tímanlega aðgang að öllum viðkomandi upplýsingum.

49. gr.

Vísinda- og tækninefnd.

1. Hér með er vísinda- og tækninefnd komið á fót.
2. Vísinda- og tækninefndin skal skipuð fulltrúum sem starfa sem sérfræðingar og hafa hagsmuni samningsins að leiðarljósi, eru tilnefndir af samningsaðilunum og kosnir af ráðstefnu samningsaðilanna, búa yfir viðeigandi hæfi, með hliðsjón af þörf fyrir þverfaglega sérfræðiþekkingu, þ.m.t. viðeigandi sérfræðiþekkingu á sviði vísinda og tækni og sérþekkingu á viðeigandi hefðbundinni þekkingu frumbyggja og nærsamfélaga, jöfnu hlutfalli kynjanna og sanngjarnri landfræðilegri dreifingu. Á fyrsta fundi sínum skal ráðstefna samningsaðilanna ákveða starfsskilmála og fyrirkomulag á starfsemi vísinda- og tækninefndarinnar, þ.m.t. valferli og kjörtímabil fulltrúa.
3. Vísinda- og tækninefndin getur leitað eftir viðeigandi ráðgjöf í viðkomandi lagagerningum og -römmum og frá viðkomandi alþjóðlegum, svæðisbundnum, undirsvæðisbundnum og sviðsbundnum stofnunum, svo og hjá öðrum vísindamönnum og sérfræðingum, eftir því sem þörf krefur.
4. Undir stjórn og leiðsögn ráðstefnu samningsaðilanna, og að teknu tilliti til þeirrar þverfaglegu sérþekkingar sem um getur í 2. mgr. hér að framan, skal vísinda- og tækninefndin veita ráðstefnu samningsaðilanna vísindalega og tæknilega ráðgjöf, sinna þeim verkefnum sem henni eru falin samkvæmt þessum samningi og öðrum verkefnum sem ráðstefna samningsaðilanna kann að ákveða og gefa ráðstefnu samningsaðilanna skýrslur um störf sín.

50. gr.

Skrifstofa.

1. Hér með er skrifstofu komið á fót. Á fyrsta fundi sínum skal ráðstefna samningsaðilanna gera ráðstafanir varðandi starfsemi skrifstofunnar, m.a. ákveða aðsetur hennar.
2. Þar til skrifstofan hefur störf skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, í gegnum hafmála- og hafréttardeild lagaskrifstofu Sameinuðu þjóðanna hjá aðalskrifstofu Sameinuðu þjóðanna, annast störf skrifstofunnar samkvæmt þessum samningi.
3. Skrifstofunni og gistiríkinu er heimilt að gera samning um höfuðstöðvar. Skrifstofan skal njóta rétt hæfis og gerhæfis á yfirráðasvæði gistiríkisins og henni veitt þau forréttindi og friðhelgi gistiríkisins sem nauðsynleg eru til að hún geti sinnt hlutverki sínu.
4. Skrifstofan skal:
 - a) veita ráðstefnu samningsaðilanna og undirstofnunum hennar stuðning við stjórnsýslu og skipulag vegna framkvæmdar þessa samnings,
 - b) skipuleggja og þjónusta fundi ráðstefnu samningsaðilanna og annarra stofnana sem kann að verða komið á fót samkvæmt þessum samningi eða sem ráðstefna samningsaðilanna kann að koma á fót,
 - c) dreifa tímanlega upplýsingum er varða framkvæmd þessa samnings, m.a. með því að gera ákvarðanir ráðstefnu samningsaðilanna aðgengilegar öllum og senda þær öllum samnings-

- aðilum, sem og viðeigandi lagagerningum og -römmum og viðeigandi alþjóðlegum, svæðisbundnum, undirsvæðisbundnum og sviðsbundnum stofnunum,
- d) auðvelda samvinnu og samræmingu, eftir því sem við á, við skrifstofur annarra viðeigandi alþjóðlegra stofnana og einkum stofna til stjórnsýslulegs og samningsbundins fyrirkomulags sem kann að vera nauðsynlegt í þeim tilgangi og til að hún geti rækt hlutverk sitt á skilvirkan hátt, með fyrirvara um samþykki ráðstefnu samningsaðilanna,
 - e) taka saman skýrslur um framkvæmd verkefna sinna samkvæmt þessum samningi og leggja þær fyrir ráðstefnu samningsaðilanna,
 - f) veita aðstoð við framkvæmd þessa samnings og annast þau störf önnur sem ráðstefna samningsaðilanna ákveður eða henni eru falin samkvæmt þessum samningi.

51. gr.

Upplýsingamiðlunarkerfi.

1. Hér með er upplýsingamiðlunarkerfi komið á fót.
2. Upplýsingamiðlunarkerfið skal einkum felast í opnum vettvangi. Ráðstefna samningsaðilanna skal ákveða nákvæmt fyrirkomulag á starfsemi upplýsingamiðlunarkerfisins.
3. Upplýsingamiðlunarkerfið skal:
 - a) þjóna hlutverki miðlægs vettvangs til að gera samningsaðilum kleift að fá aðgang að, veita og miðla upplýsingum að því er varðar starfsemi sem fer fram samkvæmt ákvæðum þessa samnings, þ.m.t. upplýsingar sem varða:
 - i. erfðaauðlindir sjávar á svæðum utan lögsögu ríkja, eins og sett er fram í II. hluta þessa samnings,
 - ii. það að koma á fót og til framkvæmda svæðisbundnum stjórnunarúrræðum, þ.m.t. vernduðum hafsvæðum,
 - iii. mat á umhverfisáhrifum,
 - iv. óskir um uppbyggingu á getu og miðlun haftækni og tækifæri í tengslum við það, þ.m.t. rannsóknarsamstarf og þjálfunartækifæri, upplýsingar um uppruna og aðgengi að tæknilegum upplýsingum og gögnum til að miðla haftækni, tækifæri til að fá greiðan aðgang að haftækni og aðgang að fjármagni,
 - b) greiða fyrir pörun þarfar fyrir uppbyggingu á getu og tiltæks stuðnings og þeirra sem sjá um að miðla haftækni, þ.m.t. aðilar á vegum stjórnvalda, óopinberir aðilar eða einkaaðilar sem hafa áhuga á að taka þátt sem styrktaraðilar í miðlun haftækni, og greiða fyrir aðgangi að tengdri sérþekkingu og sérfræðikunnáttu,
 - c) láta í té tengingar á viðeigandi hnattræn, svæðisbundin, undirsvæðisbundin, landsbundin eða geirabundin upplýsingamiðlunarkerfi og aðra genagagnabanka, gagnasöfn og gagnagrunna, þ.m.t. þau sem varða viðeigandi hefðbundna þekkingu frumbyggja og nærsamfélaga, og efla, þar sem mögulegt er, tengingar við opinbera netvanga einkaaðila og óopinbera aðila til upplýsingaskipta,
 - d) byggja á hnattrænum, svæðisbundnum og undirsvæðisbundnum upplýsingamiðlunarkerfum, eftir atvikum, þegar svæðisbundnu og undirsvæðisbundnu fyrirkomulagi er komið á fót innan hins hnattræna fyrirkomulags,
 - e) stuðla að auknu gagnsæi, m.a. með því að greiða fyrir því að grunn gögnum og upplýsingum um umhverfismál, sem varða verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja, sé miðlað milli samningsaðilanna og annarra viðkomandi hagsmunaaðila,
 - f) greiða fyrir alþjóðlegri samvinnu og samstarfi, þ.m.t. samvinnu og samstarfi á sviði vísinda og tækni,
 - g) annast hver þau störf önnur sem ráðstefna samningsaðilanna ákveður eða henni eru falin samkvæmt þessum samningi.
4. Skrifstofan skal hafa umsjón með upplýsingamiðlunarkerfinu, með fyrirvara um mögulega samvinnu við aðra viðeigandi lagagerninga og -ramma og viðeigandi alþjóðlegar, svæðisbundnar, undirsvæðisbundnar eða sviðsbundnar stofnanir, samkvæmt ákvörðun ráðstefnu samningsaðilanna, þ.m.t. alþjóðahaffræðinefnd Mennta- og menningarmálastofnunar Sameinuðu

þjóðanna, Alþjóðahafsbotnsstofnunina, Alþjóðasiglingamálastofnunina og Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna.

5. Við rekstur upplýsingamiðlunarkerfisins skal taka fullt tillit til sérþarfa samningsaðila sem eru þróunarríki, sem og til sérstakra aðstæðna þróunarríkja sem eru lítil eyríki í hópi samningsaðila, og greiða skal fyrir aðgangi þeirra að kerfinu til að gera þeim kleift að nýta sér slíkt án óþarfa hindrana eða stjórnsýsluálags. Upplýsingar skulu taka til starfsemi sem stuðlar að upplýsingaskiptum, vitundarvakningu og miðlun í þessum ríkjum og í samvinnu við þau, auk þess að leggja fram sértækar áætlanir fyrir ríkin.
6. Virða skal trúnað um upplýsingar sem veittar eru samkvæmt þessum samningi og réttindi þar að lútandi. Ekkert í þessum samningi skal túlka á þann veg að þess sé krafist að upplýsingum, sem njóta verndar gagnvart birtingu samkvæmt landslögum samningsaðila eða öðrum viðeigandi lögum, verði miðlað.

VII. HLUTI FJÁRMAGN OG FJÁRMÁLAKERFI

52. gr.

Fjármögnun.

1. Sérhver samningsaðili skal láta í té, innan sinna heimilda, fjármagn vegna þeirrar starfsemi sem er ætlað að ná markmiðum þessa samnings, að teknu tilliti til stefnu, forgangsróðunar, skipulags og áætlana hvers lands um sig.
2. Stofnanir, sem komið er á fót samkvæmt þessum samningi, skulu fjármagnaðar með áætluðum framlögum samningsaðilanna.
3. Hér með er kerfi komið á fót fyrir framlagningu fullnægjandi, aðgengilegs, nýs og fyrirsjáanlegs fjármagns samkvæmt þessum samningi. Fjármálakerfið skal aðstoða samningsaðila sem eru þróunarríki við framkvæmd þessa samnings, þ.m.t. með fjármögnun til að styðja við uppbyggingu á getu og miðlun haftækni og við að sinna öðrum störfum, eins og sett er fram í þessari grein varðandi verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins.
4. Fjármálakerfið skal fela í sér:
 - a) fjálsan fjárvörslusjóð sem ráðstefna samningsaðilanna kemur á fót til að greiða fyrir þátttöku fulltrúa samningsaðila sem eru þróunarríki, einkum þeirra landa sem eru skemmst á veg komin í þróun, landluktra þróunarlanda og þróunarríkja sem eru lítil eyríki, á fundum þeirra stofnana sem komið er á fót samkvæmt þessum samningi,
 - b) sérstakan sjóð sem skal fjármagna eftir eftirfarandi leiðum, þ.e. með:
 - i. árlegum framlögum í samræmi við 6. mgr. 14. gr.,
 - ii. greiðslum í samræmi við 7. mgr. 14. gr.,
 - iii. viðbótarframlögum frá samningsaðilum og einkaaðilum sem vilja leggja fram fjármagn til að styðja við verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja,
 - c) vörslusjóð Hnattræna umhverfisbótasjóðsins.
5. Ráðstefna samningsaðilanna getur tekið til athugunar þann möguleika að koma á fót fleiri sjóðum, sem hluta af fjármálakerfinu, til að styðja við verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja, til að fjármagna endurreisn og vistfræðilega endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja.
6. Sérstaki sjóðurinn og vörslusjóður Hnattræna umhverfisbótasjóðsins skulu notaðir til þess að:
 - a) fjármagna verkefni til að byggja upp getu samkvæmt þessum samningi, þ.m.t. skilvirk verkefni um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins og starfsemi og áætlanir, þ.m.t. þjálfun í tengslum við miðlun haftækni,
 - b) aðstoða samningsaðila sem eru þróunarríki við framkvæmd þessa samnings,
 - c) styðja áætlanir frumbyggja og nærsamfélaga um verndun og sjálfbæra nýtingu, í krafti hefðbundinnar þekkingar þeirra,
 - d) styðja samráð við almenning á landsbundnum vettvangi, vettvangi undirsvæða eða svæðisbundnum vettvangi,

- e) fjármagna framkvæmd annarrar starfsemi samkvæmt ákvörðunum ráðstefnu samningsaðilanna.
7. Með fjármálakerfinu skal leitast við að tryggja að komast megi hjá tvítekningu, og stuðla að samstillingu og samræmi, við nýtingu fjármuna innan kerfisins.
 8. Fjármagn sem er virkjað til að styðja við framkvæmd þessa samnings getur falið í sér fjármögnun sem veitt er af opinberum aðilum og einkaaðilum, jafnt innlenda sem alþjóðlega, þ.m.t., en þó ekki einvörðungu, framlög frá ríkjum, alþjóðlegum fjármálastofnunum, fyrirbyggjandi fjármögnunarkerfum samkvæmt alþjóðlegum og svæðisbundnum gæringum, frá stofnunum sem eru styrktaraðilar, milliríkjastofnunum, frjálsu félagasamtökum og einstaklingum og lögaðilum og í gegnum samstarfsverkefni opinberra aðila og einkaaðila.
 9. Að því er þennan samning varðar skal kerfið vera undir stjórn og, eftir því sem við á, leiðsögn ráðstefnu samningsaðilanna og vera ábyrgt gagnvart henni. Ráðstefna samningsaðilanna skal veita leiðsögn um heildaráætlanir, stefnur, forgangsörðun áætlaða og skilyrði fyrir aðgangi að og nýtingu á fjármagni.
 10. Ráðstefna samningsaðilanna og Hnattræni umhverfisbótasjóðurinn skulu samþykkja ráðstafanir til að koma framangreindum málsgreinum til framkvæmda á fyrsta fundi ráðstefnu samningsaðilanna.
 11. Þar sem brýnt er að fjalla um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja skal ráðstefna samningsaðilanna setja sér það upphaflega markmið að virkja fjármagn til ársins 2030 fyrir sérstakan sjóð úr öllum tekjulindum, að teknu tilliti til m.a. stofnanalegs fyrirkomulags sérstaka sjóðsins og upplýsinganna sem nefndin um uppbyggingu á getu og miðlun haftækni veitir.
 12. Samningsaðilar sem eru þróunarríki geta uppfyllt skilyrði fyrir aðgangi að fjármagni samkvæmt þessum samningi á grundvelli nauðsynjar. Fjármagni úr sérstaka sjóðnum skal úthlutað samkvæmt viðmiðunum um sanngjarna deilingu, að teknu tilliti til aðstoðarþarfar samningsaðila með sérþarfar, einkum þeirra landa sem eru skemmt á veg komin í þróun, landluktra þróunarlanda, landfræðilega afskiptra ríkja, þróunarríkja sem eru lítil eyriki og strandríkja Afríku, eyjaklasaríkja og millitekjupróunarlanda, og að teknu tilliti til sérstakra aðstæðna þróunarríkja sem eru lítil eyriki og þeirra landa sem eru skemmt á veg komin í þróun. Markmiðið með sérstaka sjóðnum skal vera að tryggja skilvirkan aðgang að fjármagni með einfölduðu umsóknar- og samþykktarferli og að efla möguleika á stuðningi til slíkra samningsaðila sem eru þróunarríki.
 13. Í ljósi takmarkaðrar afkastagetu skulu samningsaðilarnir hvetja alþjóðastofnanir til að veita fríðindameðferð og taka tillit til sérstakrar vöntunar og sérþarfa samningsaðila sem eru þróunarríki, einkum þeirra landa sem eru skemmt á veg komin í þróun, landluktra þróunarlanda og þróunarríkja sem eru lítil eyriki, og taka tillit til sérstakra aðstæðna þróunarríkja sem eru lítil eyriki og landa sem eru skemmt á veg komin í þróun, við úthlutun viðeigandi fjármuna og tæknaaðstoðar og nýtingu sérhæfðrar þjónustu þeirra þar sem tilgangurinn er verndun og sjálfbær nýting líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja.
 14. Ráðstefna samningsaðilanna skal koma á fót fjármálanefnd um fjármagn. Hún skal skipuð nefndarmönnum með viðeigandi hæfi og sérþekkingu og hafa hliðsjón af jöfnu hlutfalli kynjanna og réttlátri landfræðilegri dreifingu. Ráðstefna samningsaðilanna skal ákveða starfsskilmála og fyrirkomulag á starfsemi nefndarinnar. Nefndin skal gefa skýrslu með reglubundnum hætti og leggja fram tilmæli um greiningu og virkjun fjármuna innan kerfisins. Hún skal einnig safna upplýsingum og gefa skýrslur um fjármögnun samkvæmt öðrum kerfum og leiðum sem stuðla beint eða óbeint að því að ná markmiðum þessa samnings. Auk þeirra atriða sem kveðið er á um í þessari grein skal nefndin m.a. fjalla um:
 - a) mat á þörfum samningsaðilanna, einkum samningsaðila sem eru þróunarríki,
 - b) aðgengi að fjármunum og tímanlega greiðslu fjármuna,
 - c) gagnsæi við ákvarðanatöku og stjórnun að því er varðar fjáröflun og úthlutanir,
 - d) ábyrgðarskyldu samningsaðila sem eru þróunarríki og viðtakendur, að því er varðar samþykktu notkun fjármuna.
 15. Ráðstefna samningsaðilanna skal taka skýrslur og tilmæli fjármálanefndarinnar til umfjöllunar og grípa til viðeigandi aðgerða.

16. Ráðstefna samningsaðilanna skal að auki framkvæma reglubundna endurskoðun á fjármálakerfinu til að meta hvort fjármagn sé fullnægjandi, skilvirkt og aðgengilegt, þ.m.t. til að standa straum af uppbyggingu á getu og miðlun haftækni, einkum að því er varðar samningsaðila sem eru þróunarríki.

VIII. HLUTI FRAMKVÆMD OG REGLUFYLGNI

53. gr.

Framkvæmd.

Samningsaðilarnir skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir á sviði lagasetningar, stjórnsýslu eða stefnuúrræða, eftir því sem við á, til að tryggja framkvæmd þessa samnings.

54. gr.

Vöktun framkvæmdar.

Sérhver samningsaðili skal vakta framkvæmd skuldbindinga sinna samkvæmt þessum samningi og skal, á því formi og með því millibili sem ráðstefna samningsaðilanna ákveður, gefa ráðstefnunni skýrslu um þær ráðstafanir sem hann hefur gert til að koma þessum samningi til framkvæmda.

55. gr.

Framkvæmda- og eftirlitsnefnd.

1. Hér með er framkvæmda- og eftirlitsnefnd komið á fót til að greiða fyrir og fjalla um framkvæmd og stuðla að því að farið sé að ákvæðum þessa samnings. Störf framkvæmda- og eftirlitsnefndarinnar skulu vera til stuðnings og hún skal starfa á gagnsæjan og átakalausán hátt án refsinga.
2. Framkvæmda- og eftirlitsnefndin skal skipuð nefndarmönnum með viðeigandi hæfi og sérþekkingu sem samningsaðilarnir tilnefna og kosnir eru af ráðstefnu samningsaðilanna, að teknu tilhlýðilegu tilliti til jafns hlutfalls kynjanna og sanngjarnrar landfræðilegrar dreifingar fulltrúa.
3. Framkvæmda- og eftirlitsnefndin skal starfa samkvæmt fyrirkomulagi og starfsreglum sem ráðstefna samningsaðilanna samþykkir á fyrsta fundi sínum. Framkvæmda- og eftirlitsnefndin skal m.a. fjalla um málefni er varða framkvæmd og reglufylgni að því er varðar staka aðila og kerfislegt, gefa ráðstefnu samningsaðilanna skýrslu með reglulegu millibili og leggja tilmæli, eftir því sem við á, eftir að hafa kynnt sér landsbundnar aðstæður hverju sinni, fyrir ráðstefnu samningsaðilanna.
4. Framkvæmda- og eftirlitsnefndin getur í störfum sínum byggt á viðeigandi upplýsingum frá stofnunum sem komið er á fót samkvæmt þessum samningi, sem og frá viðeigandi lagagæringum og -römmum og viðeigandi alþjóðlegum, svæðisbundnum, undirsvæðisbundnum og sviðsbundnum stofnunum, eftir því sem þörf krefur.

IX. HLUTI LAUSN DEILUMÁLA

56. gr.

Komið í veg fyrir deilumál.

Samningsaðilarnir skulu vinna saman að því að koma í veg fyrir deilumál.

57. gr.

Skylda til að leysa deilumál á friðsamlegan hátt.

Samningsaðilunum ber skylda til að leysa deilumál sín um túlkun eða beitingu þessa samnings með samningaumleitunum, rannsókn, miðlun, sættargerð, gerðardómi, dómsúrskurði, afnotum svæðisstofnana eða samninga, eða með öðrum friðsamlegum aðferðum skv. eigin vali.

58. gr.

Lausn deilumála eftir friðsamlegum leiðum sem samningsaðilar njóta.

Ekkert í þessum hluta skerðir rétt aðila að þessum samningi til að samþykkja, hvenær sem er, að leysa sín á milli deilu varðandi túlkun eða beitingu þessa samnings eftir friðsamlegum leiðum að eigin vali.

59. gr.

Deilumál sem eru tæknilegs eðlis.

Ef deilumál eru tæknilegs eðlis geta hlutaðeigandi samningsaðilar vísað deilunni til sérskipaðs sérfræðingahóps sem þeir koma á fót. Sérfræðingahópurinn skal eiga samráð við hlutaðeigandi samningsaðila og leitast við að leysa deiluna með skjótum hætti án þess að gripið verði til bindandi málsmeðferðar við lausn deilumála skv. 60. gr. þessa samnings.

60. gr.

Málsmeðferð við lausn deilumála.

1. Deilur sem varða túlkun eða beitingu samnings þessa skal leysa í samræmi við ákvæði um lausn deilumála sem kveðið er á um í XV. hluta hafréttarsamningsins.
2. Ákvæði XV. hluta og V., VI., VII. og VIII. viðauka við hafréttarsamninginn skulu teljast vera endurtekning ákvæða til lausnar deilumálum sem varða aðila að þessum samningi sem er ekki aðili að hafréttarsamningnum.
3. Málsmeðferð sem aðili að þessum samningi, sem er einnig aðili að hafréttarsamningnum skv. 287. gr. hans, samþykkir skal gilda um lausn deilumála samkvæmt þessum hluta nema sá samningsaðili hafi, við undirritun, fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild að þessum samningi eða hvenær sem er eftir það, samþykkt aðra málsmeðferð skv. 287. gr. hafréttarsamningsins til lausnar deilumálum samkvæmt þessum hluta.
4. Sérhver yfirlýsing aðila að þessum samningi, sem er einnig aðili að hafréttarsamningnum skv. 298. gr. hans, gildir um lausn deilumála samkvæmt þessum hluta nema sá samningsaðili hafi, við undirritun, fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild að þessum samningi eða hvenær sem er eftir það, gefið aðra yfirlýsingu skv. 298. gr. hafréttarsamningsins um lausn deilumála samkvæmt þessum hluta.
5. Samkvæmt 2. mgr. hér að framan skal aðila að þessum samningi, sem er ekki aðili að hafréttarsamningnum, frjálst að velja, þegar hann undirritar, fullgildir, staðfestir, samþykkir eða gerist aðili að þessum samningi eða hvenær sem er eftir það, með skriflegri yfirlýsingu sem lögð er fyrir vörsluaðilann, eina eða fleiri af eftirfarandi leiðum til að leysa deilumál varðandi túlkun eða beitingu þessa samnings, sem eru:
 - a) Alþjóðlegi hafréttardómurinn,
 - b) Alþjóðadómstóllinn í Haag,
 - c) gerðardómur í VII. viðauka,
 - d) sérstakur gerðardómur í VIII. viðauka fyrir einn eða fleiri flokka deilumála sem tilgreindir eru í þeim viðauka.
6. Aðili að þessum samningi, sem er ekki aðili að hafréttarsamningnum og hefur ekki gefið út yfirlýsingu, skal teljast hafa samþykkt valkostinn í c-lið 5. mgr. hér að framan. Hafi deiluaðilar samþykkt sömu málsmeðferð til lausnar deilumáli er eingöngu heimilt að beita þeirri málsmeðferð nema deiluaðilarnir komi sér saman um annað. Hafi deiluaðilar ekki samþykkt sömu málsmeðferð til lausnar deilumáli er einungis heimilt að leggja það fyrir gerðardóm samkvæmt VII. viðauka við hafréttarsamninginn nema deiluaðilarnir komi sér saman um annað. Ákvæði 6.–8. mgr. 287. gr. hafréttarsamningsins skulu gilda um yfirlýsingar sem gefnar eru skv. 5. mgr. hér að framan.
7. Aðili að þessum samningi, sem er ekki aðili að hafréttarsamningnum, getur, við undirritun, fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild að þessum samningi eða hvenær sem er eftir það, með fyrirvara um skuldbindingar samkvæmt þessum hluta, lýst því yfir skriflega að hann samþykki ekki eina eða fleiri af þeim málsmeðferðum sem kveðið er á um í 2. kafla XV. hluta hafréttarsamningsins, að því er varðar einn eða fleiri af þeim flokkum deilumála sem settir eru fram í 298.

gr. hafréttarsamningsins um lausn deilumála samkvæmt þessum hluta. Ákvæði 298. gr. hafréttarsamningsins gilda um slíka yfirlýsingu.

8. Ákvæði þessarar greinar hafa ekki áhrif á málsmeðferð við lausn deilumála sem samningsaðilar hafa komið sér saman um sem aðilar að viðeigandi lagagerningi eða -ramma eða sem aðilar að viðeigandi alþjóðlegri, svæðisbundinni, undirsvæðisbundinni eða sviðsbundinni stofnun, varðandi túlkun og beitingu slíkra gerninga og ramma.
9. Ekkert í þessum samningi skal túlka á þann veg að dómstólar hafi lögsögu yfir deilumáli, sem varðar eða felur óhjákvæmilega í sér samhliða athugun á réttarstöðu svæðis sem innan lögsögu ríkis, eða yfir deilumáli um fullveldi eða önnur réttindi yfir landsvæði meginlands eða eyju eða slíka kröfu aðila að þessum samningi þar að lútandi, að því tilskildu skal ekki túlka neitt í þessari málsgrein á þann veg að það takmarki lögsögu dómstóls skv. 2. kafla XV. hluta hafréttarsamningsins.
10. Til að taka af allan vafa skal ekkert í þessum samningi teljast grundvöllur fyrir því að halda fram eða hafna kröfum um fullveldi, fullveldisréttindi eða lögsögu yfir landi eða hafsvæðum, þ.m.t. að því er varðar deilumál þar að lútandi.

61. gr.

Bráðabirgðasamkomulag.

Meðan þess er beðið að deilumál verði leyst í samræmi við þennan hluta skulu deiluaðilar gera sitt ýrasta til að komast að hagkvæmu bráðabirgðasamkomulagi.

X. HLUTI

AÐILAR SEM EKKI EIGA AÐILD AÐ ÞESSUM SAMNINGI

62. gr.

Aðilar sem ekki eiga aðild að þessum samningi.

Samningsaðilarnir skulu hvetja þá sem ekki eiga aðild að þessum samningi til að gerast aðilar að honum og til að samþykkja lög og reglur í samræmi við ákvæði hans.

XI. HLUTI

GÓÐ TRÚ OG MISNOTKUN RÉTTINDA

63. gr.

Góð trú og misnotkun réttinda.

Samningsaðilarnir skulu uppfylla, í góðri trú, þær skyldur sem þeir taka á sig samkvæmt þessum samningi og nýta sér þau réttindi sem þar eru viðurkennd þannig að ekki sé um að ræða misnotkun réttinda.

XII. HLUTI

LOKAÁKVÆÐI

64. gr.

Atkvæðisréttur.

1. Hver aðili að þessum samningi skal hafa eitt atkvæði með þeirri undantekningu sem kveðið er á um í 2. mgr. hér á eftir.
2. Í málum sem falla undir valdsvið svæðisstofnunar um efnahagssamvinnu sem er aðili að þessum samningi skal hún neyta atkvæðisréttar síns með þeim fjölda atkvæða sem nemur fjölda þeirra aðildarríkja stofnunarinnar sem eru aðilar að þessum samningi. Slík stofnun skal ekki neyta atkvæðisréttar síns ef eitthvert aðildarríki hennar neytir hans og öfugt.

65. gr.

Undirritun.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar allra ríkja og svæðisstofnana um efnahagssamvinnu frá 20. september 2023 og skal liggja frammi til undirritunar í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York til 20. september 2025.

66. gr.

Fullgilding, samþykki, staðfesting og aðild.

Samningur þessi er með fyrirvara um fullgilding, samþykki eða staðfestingu ríkja og svæðisstofnana um efnahagssamvinnu. Síðari aðild að honum af hálfu ríkja og svæðisstofnana um efnahagssamvinnu skal vera opin frá og með deginum eftir að fresturinn til að undirrita samninginn er liðinn. Skjöl um fullgilding, samþykki, staðfestingu og aðild skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

67. gr.

Skipting valdsviðs svæðisstofnana um efnahagssamvinnu og aðildarríkja þeirra að því er varðar málefni sem samningur þessi gildir um.

1. Svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, sem gerist aðili að þessum samningi án þess að nokkurt aðildarríki hennar sé samningsaðili, skal vera bundin af öllum skuldbindingum samkvæmt þessum samningi. Þegar um er að ræða slíka stofnun, þar sem eitt eða fleiri aðildarríki eru aðilar að þessum samningi, taka stofnunin og aðildarríki hennar ákvörðun um hvernig hvert og eitt þeirra efnir skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum. Í slíkum tilvikum geta stofnunin og aðildarríkin ekki neytt réttar síns samkvæmt þessum samningi samtímis.
2. Svæðisstofnun um efnahagssamvinnu skal í skjölum sínum um fullgilding, samþykki, staðfestingu eða aðild tilgreina hvert valdsvið hennar nær í málefnum sem samningur þessi gildir um. Slík stofnun skal enn fremur tilkynna vörsluaðila, sem síðan tilkynnir það samningsaðilunum, um það ef veruleg breyting verður á valdsviði hennar.

68. gr.

Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi 120 dögum eftir þann dag þegar sextugasta skjalið um fullgilding, samþykki, staðfestingu eða aðild er afhent til vörslu.
2. Að því er varðar sérhvert ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu sem fullgildir, samþykkir eða staðfestir samning þennan eða gerist aðili að honum eftir að sextugasta skjalið um fullgilding, samþykki, staðfestingu eða aðild er afhent til vörslu skal samningur þessi öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag er skjal þess eða hennar um fullgilding, samþykki, staðfestingu eða aðild er afhent til vörslu, sbr. þó 1. mgr. hér að framan.
3. Að því er varðar 1. og 2. mgr. hér að framan skal ekki líta svo á að skjal, sem svæðisstofnun um efnahagssamvinnu afhendir til vörslu, komi til viðbótar þeim skjölum sem aðildarríki þeirrar stofnunar afhenda til vörslu.

69. gr.

Beiting til bráðabirgða.

1. Ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, sem samþykkir bráðabirgðabeitingu samningsins, getur beitt honum til bráðabirgða með því að tilkynna vörsluaðila skriflega um það á þeim tíma sem skjal þess eða hennar um fullgilding, samþykki, staðfestingu eða aðild er undirritað eða lagt fram til vörslu. Slík bráðabirgðabeiting skal öðlast gildi frá og með þeim degi sem vörsluaðili tekur við tilkynningunni.
2. Bráðabirgðabeitingu ríkis eða svæðisstofnunar um efnahagssamvinnu skal ljúka við gildistöku samnings þessa að því er varðar það ríki eða þá svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, eða þegar viðkomandi ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu tilkynnir vörsluaðilanum skriflega um þá fyrirætlun sína að enda bráðabirgðabeitingu samningsins.

70. gr.

Fyrirvarar og undantekningar.

Ekki er heimilt að gera neina fyrirvara eða undantekningar á samningi þessum nema aðrar greinar samningsins heimili það sérstaklega.

71. gr.

Yfirlýsingar.

Ákvæði 70. gr. útiloka ekki að ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu geti gefið út, við undirritun, fullgildingu, samþykki, staðfestingu eða aðild að samningi þessum, yfirlýsingar, hvernig sem orðalagi þeirra eða heiti er háttað, m.a. í því skyni að samræma eigin lög og reglur ákvæðum samningsins, að því tilskildu að slíkar yfirlýsingar feli ekki í sér útilokun eða breytingu á réttaráhrifum ákvæða samningsins við beitingu þeirra gagnvart viðkomandi ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu.

72. gr.

Breytingar.

1. Aðili að þessum samningi getur gert tillögur að breytingum á honum með skriflegri orðsendingu sem er send til skrifstofunnar. Skrifstofan skal dreifa slíkri orðsendingu til allra samningsaðilanna. Ef a.m.k. helmingur samningsaðila hefur tekið undir beiðnina innan sex mánaða frá því að orðsendingunni var dreift skal ráðstefna samningsaðilanna fjalla um breytingartillöguna á næsta fundi sínum.
2. Vörsluaðili skal senda breytingu á þessum samningi, sem samþykkt er í samræmi við 47. gr., til allra samningsaðila til fullgildingar, samþykkis eða staðfestingar.
3. Breytingar á þessum samningi skulu öðlast gildi, að því er varðar samningsaðila sem fullgilda, samþykkja eða staðfesta þær, á þritugasta degi eftir að skjöl tveggja þriðju hluta aðila að samningi þessum um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki hafa verið afhent til vörslu, talið frá þeim tíma sem breytingin er samþykkt. Eftir þann dag skal breytingin öðlast gildi gagnvart samningsaðila, sem afhendir skjal sitt um fullgildingu, samþykki eða staðfestingu á breytingu eftir að tilskilinn fjöldi slíkra skjala hefur verið afhentur til vörslu, á þritugasta degi eftir að hann hefur afhent skjal sitt um fullgildingu, samþykki og staðfestingu til vörslu.
4. Á þeim tíma sem breyting er samþykkt má í henni kveða á um fleiri eða færri tilvik fullgildingar, samþykkis eða staðfestingar til að hún öðlist gildi en krafist er samkvæmt þessari grein.
5. Að því er varðar 3. og 4. mgr. hér að framan skal ekki líta svo á að skjal, sem svæðisstofnun um efnahagssamvinnu afhendir til vörslu, komi til viðbótar þeim skjölum sem aðildarríki þeirrar stofnunar afhenda til vörslu.
6. Ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu, sem gerist aðili að þessum samningi eftir að breytingar í samræmi við 3. mgr. hér að framan öðlast gildi, telst, ef það eða hún lætur ekki í ljós annan ásetning:
 - a) vera aðili að samningi þessum með áorðnum breytingum,
 - b) vera aðili að óbreyttum samningi gagnvart öðrum samningsaðila sem er ekki bundinn af breytingunni.

73. gr.

Uppsögn.

1. Samningsaðili getur sagt samningi þessum upp með skriflegri tilkynningu sem send er aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og getur tilgreint ástæður sínar. Það að setja ekki fram ástæður skal ekki hafa áhrif á gildi uppsagnarinnar. Uppsögnin tekur gildi einu ári eftir þann dag þegar tekið er við tilkynningunni nema síðari dagsetning sé tilgreind í sjálfri tilkynningunni.
2. Uppsögnin hefur með engum hætti áhrif á þá skyldu samningsaðila að standa við skuldbindingar sem eru fólgnar í samningi þessum og myndu gilda um það að þjóðarétti óháð honum.

74. gr.

Viðaukar.

1. Viðaukarnir eru óaðskiljanlegir hlutar þessa samnings og skal vísan í samninginn eða einhvern hluta hans, ef ekki er skýrt kveðið á um annað, fela í sér vísan í viðaukana sem honum tengjast.
2. Ákvæði 72. gr. sem tengjast breytingu á þessum samningi skulu einnig gilda um tillögu, samþykkt og gildistöku nýs viðauka við samninginn.

3. Sérhver samningsaðili getur lagt til að breyting á hvaða viðauka samningsins sem er verði tekin til umfjöllunar á næsta fundi ráðstefnu samningsaðilanna. Ráðstefnu samningsaðilanna er heimilt að gera breytingar á viðaukunum. Þrátt fyrir ákvæði 72. gr. skulu eftirfarandi ákvæði gilda í tengslum við breytingar á viðaukunum við samning þennan:
 - a) Senda skal texta breytingartillögunnar til skrifstofunnar a.m.k. 150 dögum fyrir fundinn. Þegar skrifstofan hefur fengið texta breytingartillögunnar í hendur skal hún senda hann til samningsaðilanna. Skrifstofan skal hafa samráð við viðkomandi undirstofnanir, eftir því sem þörf krefur, og senda hvert svar til allra samningsaðilanna eigi síðar en 30 dögum fyrir fundinn.
 - b) Breytingar sem samþykktar eru á fundi skulu öðlast gildi gagnvart öllum samningsaðilum 180 dögum eftir lok þess fundar, þó ekki gagnvart þeim aðilum sem leggja fram andmæli í samræmi við 4. mgr. hér á eftir.
4. Á því 180 daga tímabili sem kveðið er á um í b-lið 3. mgr. hér að framan getur hvaða samningsaðili sem er lagt fram andmæli að því er breytinguna varðar með því að senda skriflega tilkynningu til vörsluaðilans. Draga má slík andmæli til baka hvenær sem er með skriflegri tilkynningu til vörsluaðilans og mun breytingin á viðaukanum þar með öðlast gildi að því er þann samningsaðila varðar á þrítugasta degi eftir þann dag sem andmælin eru dregin til baka.

75. gr.

Vörsluaðili

Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal vera vörsluaðili samnings þessa og hvers kyns breytinga eða endurskoðana á honum.

76. gr.

Fullgildir textar.

Textar samnings þessa á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru jafngildir.

I. VIÐAUKI

Leiðbeinandi viðmiðanir varðandi tilgreiningu svæða.

- a) Einkvæmni.
- b) Fágæti.
- c) Sérstakt mikilvægi að því er varðar lífsferilsstig tegunda.
- d) Sérstakt mikilvægi tegunda á svæðinu.
- e) Mikilvægi fyrir tegundir eða búsvæði sem er ógnað, eru í útrýmingarhættu eða fer hnignandi.
- f) Veikleiki, þ.m.t. gagnvart loftslagsbreytingum og súrnun sjávar.
- g) Viðkvæmni.
- h) Næmi.
- i) Líffræðileg fjölbreytni og framleiðni.
- j) Hversu dæmigert svæðið er.
- k) Hæði.
- l) Hversu náttúrulegt svæðið er.
- m) Vistfræðilegur tengjanleiki.
- n) Mikilvægt vistfræðilegt ferli sem fram fer á svæðinu.
- o) Efnahagslegir og félagslegir þættir.
- p) Menningarlegir þættir.
- q) Uppsöfnuð áhrif og áhrif sem ná yfir markalínur.
- r) Hæg endurreisn og viðnám.
- s) Nægjanleiki og lífvænleiki.
- t) Eftirmyndun.
- u) Sjálfbærni æxlunar.
- v) Fyrirliggjandi verndar- og stjórnunarráðstafanir.

II. VIÐAUKI

Tegundir uppbyggingar á getu og miðlunar haftækni.

Samkvæmt samningi þessum geta framtaksverkefni við uppbyggingu á getu og miðlun haftækni falið í sér, en takmarkast ekki við:

- a) miðlun viðeigandi gagna, upplýsinga, þekkingar og rannsókna á notendavænu sniði, þ.m.t.:
 - i. miðlun þekkingar á sviði hafvísinda og tækni,
 - ii. upplýsingaskipti um verndun og sjálfbæra nýtingu líffræðilegrar fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja,
 - iii. deilingu niðurstaðna úr rannsóknum og þróunarstarfsemi,
- b) deilingu upplýsinga og vitundarvakningu, þ.m.t. að því er varðar:
 - i. hafrannsóknir, hafvísindi og tengdar aðgerðir og þjónustu á sjó,
 - ii. upplýsingar um umhverfismál og líffræðilegar upplýsingar sem safnað er með rannsóknum sem gerðar eru á svæðum utan lögsögu ríkja,
 - iii. viðeigandi hefðbundna þekkingu í samræmi við frjálst, fyrirframgefið og upplýst samþykki þeirra sem búa yfir slíkri þekkingu,
 - iv. streituvalda á hafi úti sem hafa áhrif á líffræðilega fjölbreytni hafsins á svæðum utan lögsögu ríkja, þ.m.t. neikvæð áhrif loftslagsbreytinga, s.s. hlýnun og súrefnissvipting sjávar, ásamt súrnun sjávar,
 - v. ráðstafanir á borð við svæðisbundin stjórnunarúrræði, þ.m.t. vernduð hafsvæði,
 - vi. mat á umhverfisáhrifum,
- c) þróun og styrkingu viðkomandi grunnvirkja, þ.m.t. búnaðar, s.s.:
 - i. þróun og stofnun nauðsynlegra grunnvirkja,
 - ii. útvegum tækni, þ.m.t. búnaðar til sýnatöku og aðferðafræði (til að mynda fyrir sýni úr vatni og jarðfræðileg, líffræðileg eða efnafræðileg sýni),

- iii. öflun nauðsynlegs búnaðar til að styðja við og þróa áfram rannsóknar- og þróunargetu, þ.m.t. í gagnastjórnun, í tengslum við starfsemi er varðar erfðaauðlindir sjávar og stafrænar raðupplýsingar um erfðaauðlindir sjávar á svæðum utan lögsögu ríkja, ráðstafanir á borð við svæðisbundin stjórnunarúrræði, þ.m.t. vernduð hafsvæði, og framkvæmd mats á umhverfisáhrifum,
- d) þróun og styrkingu á stofnanagetu og landsbundnum reglurömmum eða -kerfum, þ.m.t.:
 - i. stjórnarhættir, stefnurammar og lagarammar og kerfi,
 - ii. aðstoð við þróun, framkvæmd og framfylgd landslöggjafar, stjórnsýslu- eða stefnuúrræða, þ.m.t. tengdar eftirlitskröfur ásamt vísinda- og tækniskröfum á landsbundnum vettvangi, vettvangi undirsvæða eða svæðisbundnum vettvangi,
 - iii. tæknileg stoðþjónusta að því er varðar framkvæmd ákvæða samnings þessa, þ.m.t. að því er varðar vöktun á gögnum og skýrslugjöf,
 - iv. geta til að þýða upplýsingar og gögn þannig að úr verði virkar og skilvirkar stefnur, þ.m.t. með því að greiða fyrir aðgangi að og öflun á nauðsynlegri þekkingu til að upplýsa þá sem taka ákvarðanir hjá samningsaðilum sem eru þróunarríki,
 - v. stofnun eða styrking stofnanagetu mikilvægra landsbundinna og svæðisbundinna stofnana og meginstofnana,
 - vi. stofnun landsbundinna og svæðisbundinna vísindamiðstöðva, m.a. sem gagnasafna,
 - vii. þróun svæðisbundinna öndvegissetra,
 - viii. þróun svæðismiðstöðva fyrir þróun færnei,
 - ix. aukin samstarfstengsl milli svæðisbundinna stofnana, t.d. samstarf milli svæða í norðri og suðri og innan suðursvæða, og samstarf stofnana um svæðisbundin hafsvæði og samtaka um svæðisbundnar fiskveiðar,
- e) þróun og eflingu á getu á sviði mannauðs og fjármálastjórnunar og tæknilegri sérfræðikunnáttu í gegnum skipti, rannsóknarsamstarf, tæknilega stoðþjónustu, menntun og þjálfun og miðlun haftækni, s.s.:
 - i. samstarf og samvinnu í hafvísindum, þ.m.t. með gagnaöflun, skiptum á tækni, vísindarannsóknarverkefnum og -áætlunum og þróun sameiginlegs vísindarannsóknarverkefnis í samvinnu við meginstofnanir í þróunarríkjum,
 - ii. menntun og þjálfun í:
 - a. náttúruvísindum og félagsvísindum, bæði undirstöðugreinum og hagnýtum vísindum, til að þróa vísinda- og rannsóknargetu,
 - b. tækni og beitingu hafvísinda og -tækni til að þróa vísinda- og rannsóknargetu,
 - c. stefnu og stjórnarháttum,
 - d. mikilvægi og beitingu hefðbundinnar þekkingar,
 - iii. skipti á sérfræðingum, þ.m.t. sérfræðingum í hefðbundinni þekkingu,
 - iv. útvegum fjármögnunar fyrir þróun mannauðs og tæknilegrar sérfræðikunnáttu, þ.m.t. með:
 - a. veitingu skólastyrkja eða annarra styrkja til fulltrúa þróunarríkja sem eru lítil eyríki í hópi samningsaðila fyrir málstofur, þjálfunaráætlanir eða aðrar viðeigandi áætlanir til að þróa sértæka getu þeirra,
 - b. útvegum fjárhagslegrar og tæknilegrar sérfræðikunnáttu og úrræða, einkum fyrir þróunarríki sem eru lítil eyríki, að því er varðar mat á umhverfisáhrifum,
 - v. stofnun netkerfis meðal þjálfaðs mannauðs,
- f) þróun og miðlun handbóka, viðmiðunarreglna og staðla, þ.m.t.:
 - i. viðmiðanir og viðmiðunarefni,
 - ii. tæknilegir staðlar og reglur,
 - iii. gagnasafn fyrir handbækur og viðeigandi upplýsingar til að miðla þekkingu og getu varðandi það hvernig haga skuli mati á umhverfisáhrifum, lærdómi og bestu starfsvenjum,
- g) þróun tækni-, vísinda- og rannsóknar- og þróunaráætlana, þ.m.t. rannsóknarstarfsemi á sviði líftækni.

AGREEMENT UNDER THE UNITED NATIONS CONVENTION ON THE LAW OF
THE SEA ON THE CONSERVATION AND SUSTAINABLE USE OF MARINE
BIOLOGICAL DIVERSITY OF AREAS BEYOND NATIONAL JURISDICTION

PREAMBLE

The Parties to this Agreement,

Recalling the relevant provisions of the United Nations Convention on the Law of the Sea of 10 December 1982, including the obligation to protect and preserve the marine environment,

Stressing the need to respect the balance of rights, obligations and interests set out in the Convention,

Recognizing the need to address, in a coherent and cooperative manner, biological diversity loss and degradation of ecosystems of the ocean, due, in particular, to climate change impacts on marine ecosystems, such as warming and ocean deoxygenation, as well as ocean acidification, pollution, including plastic pollution, and unsustainable use,

Conscious of the need for the comprehensive global regime under the Convention to better address the conservation and sustainable use of marine biological diversity of areas beyond national jurisdiction,

Recognizing the importance of contributing to the realization of a just and equitable international economic order which takes into account the interests and needs of humankind as a whole and, in particular, the special interests and needs of developing States, whether coastal or landlocked,

Recognizing also that support for developing States Parties through capacity- building and the development and transfer of marine technology are essential elements for the attainment of the objectives of the conservation and sustainable use of marine biological diversity of areas beyond national jurisdiction,

Recalling the United Nations Declaration on the Rights of Indigenous Peoples,

Affirming that nothing in this Agreement shall be construed as diminishing or extinguishing the existing rights of Indigenous Peoples, including as set out in the United Nations Declaration on the Rights of Indigenous Peoples, or of, as appropriate, local communities,

Recognizing the obligation set out in the Convention to assess, as far as practicable, the potential effects on the marine environment of activities under a State's jurisdiction or control when the State has reasonable grounds for believing that such activities may cause substantial pollution of or significant and harmful changes to the marine environment,

Mindful of the obligation set out in the Convention to take all measures necessary to ensure that pollution arising from incidents or activities does not spread beyond the areas where sovereign rights are exercised in accordance with the Convention,

Desiring to act as stewards of the ocean in areas beyond national jurisdiction on behalf of present and future generations by protecting, caring for and ensuring responsible use of the marine environment, maintaining the integrity of ocean ecosystems and conserving the inherent value of biological diversity of areas beyond national jurisdiction,

Acknowledging that the generation of, access to and utilization of digital sequence information on marine genetic resources of areas beyond national jurisdiction, together with the fair and equitable sharing of benefits arising from its utilization, contribute to research and innovation and to the general objective of this Agreement,

Respecting the sovereignty, territorial integrity and political independence of all States,

Recalling that the legal status of non-parties to the Convention or any other related agreements is governed by the rules of the law of treaties,

Recalling also that, as set out in the Convention, States are responsible for the fulfilment of their international obligations concerning the protection and preservation of the marine environment and may be liable in accordance with international law,

Committed to achieving sustainable development,

Aspiring to achieve universal participation,

Have agreed as follows:

PART I GENERAL PROVISIONS

Article 1

Use of terms

For the purposes of this Agreement:

1. “Area-based management tool” means a tool, including a marine protected area, for a geographically defined area through which one or several sectors or activities are managed with the aim of achieving particular conservation and sustainable use objectives in accordance with this Agreement.
2. “Areas beyond national jurisdiction” means the high seas and the Area.
3. “Biotechnology” means any technological application that uses biological systems, living organisms, or derivatives thereof, to make or modify products or processes for specific use.
4. “Collection in situ”, in relation to marine genetic resources, means the collection or sampling of marine genetic resources in areas beyond national jurisdiction.
5. “Convention” means the United Nations Convention on the Law of the Sea of 10 December 1982.
6. “Cumulative impacts” means the combined and incremental impacts resulting from different activities, including known past and present and reasonably foreseeable activities, or from the repetition of similar activities over time, and the consequences of climate change, ocean acidification and related impacts.
7. “Environmental impact assessment” means a process to identify and evaluate the potential impacts of an activity to inform decision-making.
8. “Marine genetic resources” means any material of marine plant, animal, microbial or other origin containing functional units of heredity of actual or potential value.
9. “Marine protected area” means a geographically defined marine area that is designated and managed to achieve specific long-term biological diversity conservation objectives and may allow, where appropriate, sustainable use provided it is consistent with the conservation objectives.
10. “Marine technology” includes, inter alia, information and data, provided in a user- friendly format, on marine sciences and related marine operations and services; manuals, guidelines, criteria, standards and reference materials; sampling and methodology equipment; observation facilities and equipment for in situ and laboratory observations, analysis and experimentation; computer and computer software, including models and modelling techniques; related biotechnology; and expertise, knowledge, skills, technical, scientific and legal know-how and analytical methods related to the conservation and sustainable use of marine biological diversity.
11. “Party” means a State or regional economic integration organization that has consented to be bound by this Agreement and for which this Agreement is in force.
12. “Regional economic integration organization” means an organization constituted by sovereign States of a given region to which its member States have transferred competence in respect of matters governed by this Agreement and which has been duly authorized, in accordance with its internal procedures, to sign, ratify, approve, accept or accede to this Agreement.
13. “Sustainable use” means the use of components of biological diversity in a way and at a rate that

